



Ársskýrsla 2011

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga



Efnisyfirlit

Ársskýrsla LSR og LH 2011

Ávarp stjórnarformanns LSR	2
Stjórn LSR	3
Ávarp stjórnarformanns LH	4
Stjórn LH	5
Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum	6
Ávöxtun	9
Fjárfestingar	15
Verðbréfaeign	16
Fjárfestingarstefna	18
Sjóðfélagalán	20
Séreign LSR	22
Iðgjöld	24
Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur	27
Skuldbindingar	35
Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar	41
Starfsemi	44

Samstæðuyfirlit LSR og LH 2011

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	48
Efnahagsreikningur	50
Sjóðstreymi	52

Ársreikningur LSR 2011

Skýrsla stjórnar	56
Áritun endurskoðenda	59
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	60
Efnahagsreikningur	62
Sjóðstreymi	64
Yfirlit um rekstur og fjárhag fjárfestingarleiða Séreignar LSR	66
Skýringar	67
Kennitölur LSR	84
Kennitölur A-deildar	85
Kennitölur B-deildar	86
Kennitölur Séreignar LSR Leið I	87
Kennitölur Séreignar LSR Leið II	88
Kennitölur Séreignar LSR Leið III	89

Ársreikningur LH 2011

Skýrsla stjórnar	92
Áritun endurskoðenda	95
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	96
Efnahagsreikningur	97
Sjóðstreymi	98
Skýringar	99
Kennitölur	110

Consolidated Statement for LSR & LH 2011

Statement of changes in net assets available for benefits	114
Balance sheet	115
Statement of cash flow	116
Financial indicators – LSR	117
Financial indicators – LH	118
Appendix – LSR & LH	119

Ávarp stjórnarformanns LSR

LSR starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og séreignardeild. Deildirnar eru byggðar upp á mismunandi hátt, réttindakerfin eru ólík og fjárhagsleg staða þeirra er misjöfn. A-deild er byggð á fullri sjóðsöfnun, sem þýðir að deildin á að jafnaði að eiga eignir til að mæta skuldbindingum. B-deild er hins vegar að hluta byggð á sjóðsöfnun og að hluta á gegnumstreymi. Ríkissjóður og aðrir launagreiðendur sem greitt hafa iðgjald fyrir starfsmenn sína til B-deildar taka þátt í lífeyrisgreiðslum með því að endurgreiða sjóðnum hluta af greiddum lífeyri. Séreignardeild sjóðsins tekur við viðbótariðgjöldum fyrir þá sjóðfélaga sem svo kjósa.

B-deild sjóðsins var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í árslok 1996. Eftir standa skuldbindingar sem hafa einungis að hluta til verið fjármagnaðar með iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Frá lokun deildarinnar hafa nýir sjóðfélagar og þeir sem kusu að færa sig yfir í nýtt réttindakerfi greitt iðgjald til A-deildar. Ríkissjóður og aðrir launagreiðendur sem greiða iðgjald fyrir starfsmenn sína til sjóðsins eru því að fjármagna tvö réttindakerfi, þ.e. eftirágreiðslukerfi vegna B-deildar og sjóðsöfnunarkerfi vegna A-deildar.

Á árinu 2011 greiddu 26.465 sjóðfélagar iðgjald til A-deildar en 5.076 greiddu til B-deildar. Lífeyrisgreiðslur voru að stærstum hluta til úr B-deildinni en á síðastliðnu ári fengu 13.205 lífeyrisþegar greiðslur úr þeirri deild sem námu 21,7 milljörðum króna. Úr A-deild fengu aftur á móti 2.869 einstaklingar greiðslur sem námu 1,5 milljörðum.

Á árinu 2011 námu keypt verðbréf umfram sölu 23,8 milljörðum króna. Þessi fjárhæð skiptist þannig milli deilda að kaup A-deildar voru 21,4 milljarðar, B-deildar 2,7 milljarðar en Séreign LSR var hins vegar nettó seljandi verðbréfa að fjárhæð 242 milljónir króna. Hér er vert að geta þess að fjárfestingarstefna sjóðsins hefur verið endurskoðuð með það í huga að ráðstöfunarfé til fjárfestinga er fyrst og fremst í A-deildinni. Hjá B-deild er útstreymi meira en innstreymi og því hefur sú deild ekki þau tækifæri til langtímafjárfestinga sem A-deild hefur.

Í árslok 2011 voru samanlagðar eignir allra deilda LSR 379,5 milljarðar króna og höfðu þær hækkað um 29,4 milljarða frá árinu á undan. Tekjur af fjárfestingum, að teknu tilliti til afskrifta, voru samtals 25,6 milljarðar króna. Eignir B-deildar voru 190,9 milljarðar króna og þá er ekki tekið tillit til krafna á launagreiðendur um endurgreiðslu á hluta af lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. Eignir A-deildar voru 179,3 milljarðar króna og eignir í Séreign sjóðsins voru 9,3 milljarðar.

Í árslok 2007, þ.e. miðað við síðasta endurskoðaða ársuppgjör fyrir hrun fjármálakerfisins, voru eignir LSR 316,8 milljarðar króna. Í árslok 2008 voru þær 286,9 milljarðar króna samanborið við 379,5 milljarða í árslok 2011. Sjóðurinn hefur því náð fyrri styrk að því er uppsafnaðar eignir varðar og gott betur.

Nafnávöxtun LSR á árinu 2011 var 7,2% og hrein raunávöxtun var 1,8%. Af heildareignum voru 70,5% í íslenskum krónum en 29,5% í erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun innlendra eigna sjóðsins var 9,7% á liðnu ári og nafnávöxtun erlendra eigna var 2,1%. Verður það að teljast viðunandi afkoma í erfiðu árferði. Erlendar eignir drógu ávöxtun sjóðsins niður en það er hins vegar styrkur að hafa tæplega 30% eigna í erlendum verðbréfum og dreifa þannig áhættu sjóðsins út fyrir landsteinana. Æskilegt væri að þessi hluti í safni sjóðanna vægi enn þyngra en sökum gjaldeyrishafta hefur sjóðurinn ekki tók á að auka við þann eignaflokk.

Undanfarin ár hefur ekki verið um auðugan garð að gresja í fjárfestingarkostum á innlendum hlutabréfamarkaði og lítið hefur verið um útgáfu skuldabréfa hjá öðrum en opinberum aðilum. Eignasamsetning sjóðsins hefur því breyst talsvert. Í árslok 2007 voru 35% eigna sjóðsins í skuldabréfum með ábyrgð ríkis, sveitarfélaga eða í fasteignatryggðum lánnum til sjóðfélaga. Þessir sömu eignaflokkar voru hins vegar 54% af heildareignum sjóðsins í árslok 2011.

Stærsti óvissuþátturinn í ársreikningum LSR undanfarin ár hefur verið vegna gjaldmiðlavarnasamninga sem sjóðurinn gerði við íslensku bankana fyrir hrun bankakerfisins. Nú hefur sjóðurinn samið við Landsbankann og Glitni um uppgjör á þeim og allri óvissu verið eytt gagnvart þeim aðilum. Þær fjárhæðir sem færðar höfðu verið sem varúðarfærslur í reikningum sjóðsins vegna stöðu þessara samninga nægðu til að standa straum af kostnaði við uppgjör. Ekki hefur náðst að semja við Kaupþing og er uppgjör þeirra samninga því enn óvissuþáttur við gerð ársreiknings fyrir árið 2011.

Útlán til sjóðfélaga hafa verið með minnsta móti hin síðari ár. Nettóútlán, þ.e. lán til sjóðfélaga að frádrögnum uppgreiðslum, námu 1,6 milljörðum króna á árinu 2011 samanborið við 1,5 milljarða árið áður. Vanskil á sjóðfélagalánnum hafa almennt verið lítil og þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hefur ekki mikil breyting orðið þar á, þó vissulega sé farið að bera meira á þeim. Hlutfallsleg fjárhæð vanskila er nú 0,59% samanborið við 0,38% í árslok 2010. Lífeyrissjóðurinn hefur gripið til margvíslegra ráðstafana til að koma til móts við sjóðfélaga sem lent hafa í erfiðleikum með afborganir lána eða sjá fram á greiðsluvandræði. Boðið hefur verið upp á skilmálabreytingar af ýmsu tagi, samninga um uppgjör vanskila, frystingu lána, greiðslujöfnun með greiðslujöfnunarvísitölu, greiðsluaðlögun og fleira. Vextir af lánnum til sjóðfélaga hafa verið lækkaðir og eru fastir vextir nú 3,9% og breytilegir vextir 3,6%.

Í reglum um A-deild sjóðsins segir að deildin skuli á hverjum tíma eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Stjórn sjóðsins ákveður árlega iðgjald launagreiðenda þannig að eignir dugi til greiðslu á skuldbindingum



Stjórn LSR. Efri röð frá vinstri: Gunnar Björnsson, Viðar Helgason, Eiríkur Jónsson, Árni Stefán Jónsson. Neðri röð frá vinstri: Þórveig Þormóðsdóttir, Marianna Jónasdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir.

í samræmi við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar. Þá er miðað við að hrein eign að viðbættu núvirði framtíðariðgjalda vegna sjóðfélaga á hverjum tíma sé jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna áunninna réttinda og réttinda vegna iðgjalda sjóðfélaga í framtíðinni.

Þetta ákvæði hefur verið túlkað þannig að heildarstaða sjóðsins skuli vera innan þess ramma sem gildir um almenna lífeyrissjóði, þ.e að heildarstaðan skuli að jafnaði vera innan 5% marka og aldrei meira en 10% frá mörkum. Efra markið hefur síðan tímabundið verið hækkað í 15%. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við túlkun sjóðsins á þessu ákvæði en með breytingu á lögum um sjóðinn hafa verið tekin af öll tvímæli um að ofangreint svigrúm eigi við um A-deild sjóðsins eins og um aðra lífeyrissjóði. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu A-deildar í lok árs 2011 er heildarstaða hennar neikvæð um 13,1% sem er innan þess ramma sem reglur kveða á um. Á hinn bóginn er ljóst að þessi staða gefur skýrt til kynna að huga ber að framtíðarþróun A-deildar sem allra fyrst.

Í ársbyrjun 2012 skilaði nefnd, sem falið var að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008, skýrslu þar sem lagt var mat á tap hvers sjóðs

fyrir sig. Vert er að hafa í huga að ekkert nýtt kom fram í skýrslu úttektarnefndar sem ekki hafði áður verið gert grein fyrir í ársreikningum sjóðsins, þó skýrsluhöfundar hafi bent á ýmis gagnleg atriði sem betur máttu fara í starfsemi LSR og þegar hefur verið bætt úr.

Í ársbyrjun festi sjóðurinn kaup á nýju húsnæði að Engjateigi 11 fyrir starfsemi sjóðsins. Jafnframt var núverandi skrifstofuhúsnæði við Bankastræti selt. Sjóðurinn mun því flytja skrifstofu sína um mitt þetta ár.

Kröfur sem gerðar eru til starfshátta lífeyrissjóða hafa aukist verulega á síðari árum og starfsumhverfið orðið flóknara. Lífeyrissjóðurinn hefur gripið til margvíslegra ráðstafana til að mæta auknum kröfum. Farið hefur verið yfir alla verkferla og verklagsreglur og eftirlitsaðgerðir í starfsemi hafa verið endurskoðaðar. Þetta er vinna sem er sífellt í gangi. Stjórn sjóðsins mun áfram vinna að því að treysta starfsemi sjóðsins til hagsbóta fyrir sjóðfélaga og ábyrgðaraðila sjóðsins.

Fyrir hönd stjórnar LSR þakka ég framkvæmdastjóra, starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum samstarfið á liðnu ári.

Marianna Jónasdóttir

Stjórn LSR

Stjórn LSR skipa átta stjórnarmenn. Fjármálaráðherra skipar fjóra þeirra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Núverandi stjórn tók við um síðustu áramót og komu þá þrír nýir inn í stjórn

en skipunartími er þrjú ár í senn. Alls kom stjórnin 19 sinnum saman til formlegra fundahalda á liðnu ári. Á árinu 2011 var Páll Halldórsson formaður stjórnar sjóðsins, en í ársbyrjun 2012 tók Marianna Jónasdóttir við formennskunni.

Ávarp stjórnarformanns LH

Hjúkrunarfræðingar greiða ýmist iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) eða í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH). Í ársbyrjun 1997 var LH lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og frá sama tíma hafa allir nýráðnir hjúkrunarfræðingar greitt iðgjald til A-deildar LSR. Nú er svo komið að u.þ.b. 80% starfandi hjúkrunarfræðinga greiða iðgjald af launum sínum í þann sjóð. Fjöldi hjúkrunarfræðinga á hins vegar mikilvæg réttindi í LH. Á árinu 2011 greiddu 513 sjóðfélagar iðgjald til LH. Jafnframt átti 1.771 einstaklingur geymd réttindi hjá sjóðnum, en með því er átt við að þeir eigi réttindi hjá Lífeyrissjóðnum en greiði ekki lengur til hans. Þá fengu 848 einstaklingar lífeyrisgreiðslur á líðnu ári.

Samhliða auknum lífeyrisgreiðslum og minnkandi iðgjaldatekjum hefur ráðstöfunarfé til verðbréfaкупа dregist saman. Á síðastliðnu ári voru kaup sjóðsins umfram sölur alls 546,7 milljónir króna. Stærstur hluti þeirrar fjárhæðar fór í kaup á skuldabréfum með ríkisábyrgð. Aðrir fjárfestingarkostir voru af skornum skammti og vegna gjalddeyrishafta hafði sjóðurinn ekki heimild til að kaupa erlend verðbréf.

Nafnávöxtun LH á árinu 2011 var 7,1% sem jafngildir 1,6% hreinni raunávöxtun. Til samanburðar var nafnávöxtun 4,6% á árinu 2010 og hrein raunávöxtun 1,8%. Ávöxtun innlendra eigna sjóðsins var góð á árinu eða sem svarar til 9,6% nafnávöxtunar. Erlendar eignir skiluðu hins vegar lægri ávöxtun en nafnávöxtun þeirra var 3,1% reiknað í íslenskum krónum. Nú eru 35,8% eigna sjóðsins í vel dreifðu safni erlendra verðbréfa en þetta er talsvert hærra hlutfall en að meðaltali hjá öðrum lífeyrissjóðum hér á landi. Þó svo erlend verðbréfaeign sjóðsins hafi dregið ávöxtun ársins niður þá er það styrkur að geta dreift áhættunni á fleiri hagkerfi en það íslenska.

Í árslok 2011 voru eignir LH 22,3 milljarðar króna og höfðu þær hækkað um 654,6 milljónir frá árinu á undan. Frá hrúni bankakerfisins á árinu 2008 hefur verið óvissa í reikningum sjóðsins í sambandi við uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga sem lífeyrissjóðurinn gerði við Glitni, Kaupþing og Landsbankann til að draga úr gjaldmiðlaáhættu vegna erlendra verðbréfa. Þessi óvissa er enn fyrir hendi því ekki hefur enn tekist að ljúka samningum um uppgjör þeirra við Kaupþing. Hins vegar hefur verið gengið frá samkomulagi við Landsbankann og Glitni um uppgjör. Í ársreikningi sjóðsins hafði verið færð varúðarfærsla vegna hugsanlegs taps á gjaldmiðlavarnasamningum. Uppgjör samninga við Landsbankann og Glitni er í grófum dráttum í samræmi við þær færslur og kom því ekki til frekari gjaldfærslu vegna þeirra.

Á árinu 2011 fengu að meðaltali 792 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslur frá LH í hverjum mánuði, samtals tæplega 1,9 milljarða króna. Virkum sjóðfélögum fer fækkaði en að meðaltali greiddu 479 sjóðfélagar iðgjald mánaðarlega til LH á síðasta ári og fækkaði þeim um 8,3% milli ára. Iðgjaldagreiðslur námu 243,1 milljón króna. Útstreymi í formi lífeyrisgreiðslna er því talsvert meira en innkoma iðgjalda. Í því sambandi er rétt að minna á að uppbygging sjóðsins hefur frá upphafi verið með þeim hætti að iðgjöld og ávöxtun þeirra eiga einungis að standa undir hluta lífeyrisgreiðslna. Sjóðurinn er með bakábyrgð launagreiðenda og nauðsynlegt er að gera áætlun um hvernig þeir geti sem best mætt skuldbindingum sínum.

Við lokun LH fyrir nýjum sjóðfélögum varð ljóst að gera þurfti ráðstafanir til að eignir sjóðsins yrðu ekki uppnar löngu áður en skuldbindingum hefur verið mætt. Árið 1999 hóf ríkið því að greiða fjárhæðir umfram lagaskyldu til að mæta framtíðarskuldbindingum. Í kjölfar hrunsins 2008 féllu þessar greiðslur niður. Verði ekkert að gert munu eignir sjóðsins tæmast eftir u.þ.b. 15 ár. Stjórn LH mun því leggja áherslu á að gerð verði áætlun um hvernig mæta skuli skuldbindingum sjóðsins, af hálfu launagreiðenda, við lífeyrisþega í framtíðinni.

Lánveitingar til sjóðfélaga voru í lágmarki á árinu eða samtals 43,9 milljónir króna. Vanskil á sjóðfélagalánum hafa yfirleitt verið óveruleg og þrátt fyrir erfitt efnahagsástand er ekki hægt að segja að mikil breyting hafi orðið þar á, þó aukningin sé vissulega vel mælanleg. Lífeyrissjóðurinn hefur gripið til margvíslegra ráðstafana til að koma til móts við sjóðfélaga sem lent hafa í erfiðleikum með afborganir lána eða sjá fram á greiðsluferðileika. Rétt er að benda á að ef sjóðfélagar eru í vandræðum vegna mikillar skuldsetningar eða mikilla greiðsluferðileika má hafa samband við starfsfólk sjóðsins.

Landssamtök lífeyrissjóða samþykktu þann 24. júní 2010 að fara þess á leit við ríkissáttasemjara að hann skipaði nefnd til að gera úttekt á fjárfestingum lífeyrissjóðanna í aðdraganda efnahagshrunsins sem varð hér haustið 2008. Leitað var til þessa embættis til að tryggja að nefndin yrði skipuð fólki sem hefði yfir fagþekkingu að ráða og tengdist ekki hagsmunum lífeyrissjóðanna á neinn hátt. Nefndin skilaði skýrslu sinni í byrjun febrúar á þessu ári. Í skýrslu nefndarinnar var fjallað um LSR og LH eins og um einn sjóð væri að ræða. Í skýrslunni er því ekki sjálfstæð umfjöllun um LH. Skýrsluhöfundar reikna hins vegar út tap hvers sjóðs miðað við gefnar forsendur. Það á einnig við um LH. Ekkert kom fram í þeirri umfjöllun sem ekki hafði áður verið greint frá í fyrri ársreikningum og árskýrslum.

Eins og áður hefur komið fram greiðir meirihluti hjúkrunarfræðinga nú í A-deild LSR. Réttindakerfi LH er að mestu leyti eins og hjá B-deild LSR. Mikið samstarf er milli þessara sjóða, skrifstofa og starfsmannahald er sameiginlegt og út á við koma sjóðirnir oft fram sem einn sjóður. Skrifstofa lífeyrissjóðanna hefur verið í Bankastræti 7 en um mitt þetta ár munu LSR og LH flytja starfsemina á Engjateig 11.

Fyrir hönd stjórnar LH þakka ég framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launa-greiðendum góð samskipti á árinu.

Herdís Gunnarsdóttir

Stjórn LH

Stjórn LH skipa fjórir stjórnarmenn. Fjármálaráðherra skipar tvo þeirra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Núverandi stjórn tók við stjórnartaumunum um síðustu áramót og komu þá þrír nýir inn í stjórn en skipunartími er þrjú ár í senn. Alls kom stjórnin

12 sinnum saman til fundar á liðnu ári. Á árinu 2011 var Marianna Jónasdóttir formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2012 tók Herdís Gunnarsdóttir við formennskunni.

Stjórn LH. Efri röð frá vinstri: Ásta Lára Leósdóttir, Oddur Gunnarsson. Neðri röð frá vinstri: Herdís Gunnarsdóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir.



Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum

Samanlagðar eignir LSR og LH voru 401,8 milljarðar kr. í árslok 2011 og hækkuðu þær um 30,1 milljarð milli ára eða sem nemur 8,1%. Af samanlögðum eignum LSR og LH í árslok námu eignir B-deildar 190,9 milljörðum kr. eða 47,5% af eignum sjóðanna, eignir A-deildar LSR námu 179,3 milljörðum kr., eignir Séreignar LSR voru 9,3 milljarðar kr. og eignir LH 22,3 milljarðar kr.

Frá upphafi árs 2002 til loka árs 2011 hefur samanlögð hrein eign LSR og LH til greiðslu lífeyris aukist úr 110,2 milljörðum kr. í 401,8 milljarða. Aukningin nemur því 291,6 milljörðum kr. á tímabilinu. Af þeirri fjárhæð voru fjárfestingartekjur tæplega tveir þriðju eða 182,5 milljarðar kr., innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga 73,3 milljarðar kr. og iðgjöld umfram lífeyri og kostnað 35,9 milljarðar kr. Þrátt fyrir áhrif fjármálakreppunnar hafa eignir sjóðanna tæplega fjórfaldast á undanfönum 10 árum. Það jafngildir því að árleg meðalaukning eigna hafi verið tæplega 13,8%.

Fjárfestingartekjur sjóðanna voru 27,2 milljarðar kr. á síðasta ári og hækkuðu um rúmlega helming frá árinu áður. Skýrist það fyrst og fremst af hærri verðbólgu en hún var 5,2% á árinu 2011 á móti 2,6% árið áður.

Ávöxtun sjóðanna hefur verið misjöfn undanfarnir 10 ár og endurspeglar hún þær sveiflur sem hafa verið á verðbréfamörkuðum. Þá hafa jafnframt verið miklar sviptingar í fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóðanna á undanfönum árum og má segja að þeir séu enn að takast á við áhrif hrunsins með beinum eða óbeinum hætti. Vegna gjalddeyrishafta geta sjóðirnir ekki náð eðlilegri áhættudreifingu á eignir sínar og fall bankanna sem og ýmissa annarra félaga hefur haft bein áhrif á fjárhagstöðu sjóðanna. Þrátt fyrir það hafa sjóðirnir náð að skila jákvæðri raunávöxtun síðastliðin 3 ár.

Þegar ávöxtun er jafn slæm og hún var árið 2008 hefur það mikil áhrif á meðaltal ávöxtunar. Samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum um uppgjör sjóðanna er gert ráð fyrir að hrein raunávöxtun til langs tíma sé 3,5%. Svo meðaltal ávöxtunar nái því marki þarf að fara aftur til ársins 1992 í tilfelli LSR og til ársins 1991 hjá LH.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

í millj. kr.	2011	2010	Breyting milli ára
A-deild LSR	179.342	154.510	16,1%
B-deild LSR	190.879	186.979	2,1%
Séreign LSR	9.289	8.617	7,8%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	22.309	21.654	3,0%
Samtals	401.814	371.761	8,1%

Fjárfestingartekjur

í millj. kr.	2011	2010	Breyting milli ára
A-deild LSR	10.919	7.134	53,1%
B-deild LSR	14.089	8.645	63,0%
Séreign LSR	617	809	-23,7%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	1.530	992	54,3%
Samtals	27.155	17.579	54,5%

Uppruni aukinna eigna 2002–2011




- Fjárfestingartekjur
- Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga
- Iðgjöld umfram lífeyrisgreiðslur og kostnað







Fjárfestingartekjur




Hrein eign til greiðslu lífeyris



Hrein raunávöxtun



5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar



Ávöxtun

Nafnávöxtun LSR á árinu 2011 var 7,2% sem samsvarar 1,9% raunávöxtun samanborið við 2,3% raunávöxtun á árinu 2010. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 1,8% samanborið við 2,2% á árinu 2010. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu 5 árin er -4,5% og meðaltal síðustu 10 árin er 1,8%.

Nafnávöxtun LH á árinu 2011 var 7,1% sem samsvarar 1,8% raunávöxtun samanborið við 1,9% á árinu 2010. Hrein raunávöxtun LH var 1,6% á árinu 2011 samanborið við 1,8% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu 5 árin er -5,2% og meðaltal síðustu 10 árin er 1,4%.

Í meðfylgjandi töflum má sjá ávöxtun og eignasamsetningu allra deilda LSR og LH á árinu 2011. Skuldabréfaeign A-deildar LSR, B-deildar LSR og LH er gerð upp á kaupkröfu sem þýðir að breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hafa ekki áhrif á bókfært virði þeirra bréfa sem sjóðirnir áttu í árslok 2011. Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu skuldabréfa í ávöxtun allra deilda. Í árslok var skuldabréfaeign Séreignar LSR að mestu leyti í skuldabréfasjóðum og er hún gerð upp á markaðsvirði sem þýðir að þegar ávöxtunarkrafa á markaði lækkar, þá hækkar virði bréfanna og öfugt. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ávöxtun og eignasamsetning 2011

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	LSR	LH
Nafnávöxtun	6,7%	7,7%	6,7%	7,8%	8,1%	7,2%	7,1%
Hrein raunávöxtun	1,3%	2,1%	1,4%	2,4%	2,6%	1,8%	1,6%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	-4,5%	-4,7%	-2,9%	-0,3%	5,1%	-4,5%	-5,2%

Eignasamsetning í árslok 2011

Innlán	6,5%	0,3%	10,0%	2,8%	100,0%	4,3%	2,8%
Innlend skuldabréf	65,0%	63,5%	52,6%	61,8%		63,4%	58,8%
Innlend hlutabréf	4,3%	2,5%	3,1%	4,7%		3,3%	3,1%
Erlend hlutabréf	19,1%	27,7%	29,8%	25,6%		23,4%	28,5%
Erlend skuldabréf	0,3%	0,3%	0,3%	0,6%		0,3%	0,3%
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	4,8%	5,6%	4,3%	4,5%		5,2%	6,5%



20 stærstu skuldarar í árslok 2011


Skuldari	Í millj. kr.	Hlutföll
Íbúðalánasjóður	102.085	50,9%
Ríkissjóður Íslands	28.286	14,1%
Lánasjóður sveitarfélaga	7.808	3,9%
Landsvirkjun	7.492	3,7%
Kaupþing banki hf.	4.372	2,2%
Lánasjóður landbúnaðarins	3.759	1,9%
Reykjavíkurborg	3.449	1,7%
Orkuveita Reykjavíkur	3.316	1,7%
Ríkisútvarpið	3.151	1,6%
Síminn hf.	2.939	1,5%
Akureyrarkaupstaður	2.864	1,4%
Bakkavör Group ehf.	2.530	1,3%
Rarik ohf.	2.364	1,2%
Virðing hf.	1.909	1,0%
Kópavogsbær	1.661	0,8%
Byggðastofnun	996	0,5%
Félagsbústaðir hf.	973	0,5%
Keflavíkurlflugvöllur ehf.	915	0,5%
Mosfellsbær	846	0,4%
Reykjaneshöfn	741	0,4%

Innlend skuldabréf

Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa var 9,1% á árinu 2011 sem samsvarar 3,7% raunávöxtun. Á árinu námu nettókaup á innlendum skuldabréfum 29,6 milljörðum kr. sem skiptast þannig að nettókaup ríkisbréfa og hlutdeildarskírteina í ríkisskuldabréfasjóðum voru 30 milljarðar kr. og nettókaup veðskuldabréfa og sjóðfélagalána voru 1,7 milljarðar kr. Aftur á móti var nettósala sveitarfélaga-bréfa 94,3 milljónir kr. á árinu, nettósala fyrirtækjabréfa 90,5 milljón kr. og nettósala lánastofnanabréfa 1,9 milljarðar kr.

Nokkrar sveiflur urðu á ávöxtunarkröfu innlendra skuldabréfamarkaðarins árið 2011. Til tíðinda taldist að ávöxtunarkrafa stystu verðtryggðu íbúðabréfa fór í ein lægstu gildi sem sést hafa á innlendum markaði og varð neikvæð. Ávöxtunarkrafa annarra verðtryggðra skuldabréfa lækkaði hægt og bitandi eftir því sem leið á árið. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði framan af ári til ágústloka og fóru ávöxtunarkröfur lengri

Ávöxtunarkrafa stuttra og langra íbúðabréfa á árinu 2011



flokkanna í og yfir 8% meðan krafan á verðtryggðum bréfum var undir 3,5%. Endurspeglaði það talsverðan verðbólguóttu hjá fjárfestum ásamt væntingum um vaxtahækkunir Seðlabanka Íslands á nýjan leik. Verðbólguálag milli óverðtryggðra og verðtryggðra markaðs-skuldabréfa var um 4–5% á árinu. Verðbólguvæntingar á markaði lækkuðu því á nýjan leik seinnipart ársins eftir talsverðan óróa vegna hárrar verðbólgu fyrr á árinu. Veruleg óvissa ríkir um þann feril nafnvaxta sem þarf til að ná verðbólguþröngum Seðlabanka Íslands sem er 2,5%. Því er ekki útséð um stýrivaxtaþróun á nýju ári. Þrátt fyrir að vextir hafi verið lækkaðir í byrjun janúar, þá kom fram hjá peningamálasteðfunefnd að vextir væru búnir að lækka töluvert og því væri óvissa um framhaldið. Peningamálasteðfunefnd kom þannig þeim skilaboðum áleiðis að tímabili hraðrar vaxtalækkunar væri lokið. Spár markaðs- og greiningaraðila um að stýrivextir yrðu ekki lækkaðir frekar rættust með tveimur vaxtahækkunum á síðari hluta ársins. Átta vaxtaávarðanir voru teknar hjá Seðlabanka Íslands á árinu 2011 og hækkuðu stýrivextir um 0,25% og stóðu í 4,75% í árslok.


Innlend hlutabréf

Nafnávöxtun innlends hlutabréfasafns sjóðanna var 22,1% sem jafngildir 16,0% raunávöxtun. Til samanburðar lækkaði íslenska Úrvalsvisitalan OMXI6 um 2,6%. Á árinu námu nettókaup á innlendum hlutabréfum samtals 4,9 milljörðum kr. Þróun íslensku Úrvalsvisítölnunnar OMXI6 á árinu 2011 er sýnd á mynd á næstu síðu.

Tvö veltumestu félögin í Kauphöll Íslands voru Marel hf. og Össur hf. Velta á markaði með hlutabréf í Marel hf. nam 25,5 milljörðum kr. á árinu og hækkuðu bréf félagsins um 25,5%. Velta með bréf Össurar hf. á markaði nam 17,1 milljarði kr. á árinu og lækkuðu bréf félagsins um 8,9%. Icelandair, sem var skráð á markaði í lok árs 2010, hækkaði um 59,7% á árinu 2011.

LSR og LH tóku þátt í almennu hlutafjárútboði í Högum hf. í lok desember 2011. Í útboðinu bárust gild tilboð um kaup fyrir alls um 40 milljarða kr. Útboðs-

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu 2011



gengið var ákvarðað 13,5 krónur á hlut og voru samtals 365,3 milljón hlutir seldir í útboðinu en það svarar til 4,9 milljarða kr. í heildarsöluandvirði.

LSR og LH, ásamt fleiri lífeyrissjóðum, tóku þátt í kaupum á HS Orku á árinu. Jafnframt var nýfjárfesting í Sjóvá hf. á árinu.

Á undanförmum árum hafa LSR og LH fjárfest í innlendu framtakssjóðunum Frumtaki slhf. og Framtaks-sjóði Íslands slhf. Þessir sjóðir eru á samlagshluta-félagaforni og hafa það hlutverk að taka þátt í endur-reisn íslensks atvinnulífs með fjárfestingum sínum í innlendum fyrirtækjum. Fjárfestingarloforð í þessa sjóði nemur 4,5 milljörðum kr. og hafa 2,4 milljarðar kr. verið innkallaðir til þessa.

Erlend hlutabréf

Erlent hlutabréfasafn sjóðanna lækkaði að nafnvirði um 0,2% á árinu 2011 sem svarar til 5,2% neikvæðrar raunávöxtunar.

Nettósalala erlendra hlutabréfa nam 11,2 milljörðum kr. og vægi erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðanna lækkaði því frá árinu áður. Í árslok 2011 var hlutfallið 23,7% af eignum miðað við 28,3% í árslok 2010. Sökum gjalddeyrishafta sem hafa verið í gildi síðan 2008 hafa ekki farið fram frekari kaup á erlendum verðbréfum. Stærstur hluti af sölu ársins var vegna viðskipta við Seðlabanka Íslands, en í þeim viðskiptum seldu lífeyrissjóðir hluta af erlendum eignum og keyptu í staðinn íslensk ríkisbréf með töluvert hærri ávöxt-unarkröfu en krafan á markaði var á sama tíma.

LSR og LH eru í samstarfi við erlenda fjárvörsluaðila um ávöxtun fjármuna sjóðanna á erlendum verðbréfamörkuðum. Við val á fjárvörsluaðilum er horft til áhættudreifingar, ólíkrar aðferðafræði, reynslu, árangurs og mismunandi fjárfestingarstefnu. Leitað er eftir samstarfi við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnis-

hæfa þjónustu. Í töflu á næstu síðu má líta sundur-liðun stærstu erlendu verðbréfasjóða í safni LSR og LH, eftir tegundum sjóða.

Sveiflur á hlutabréfaverði einkenndu árið 2011 á erlendum hlutabréfamörkuðum. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafði MSCI World Index, sem mælir breytingu á hlutabréfaverði í heiminum, lækkað um 9,9% frá ársbyrjun. Markaðir tók við sér á 4. ársfjórð-ungi og í lok ársins hafði vísitalan hækkað um 0,8% frá áramótum. Í dollurum talið lækkaði MSCI World Index um 5,5%. Gengi krónunnar hækkaði gagn-vart stærstu viðskiptamyntum í hlutabréfasafninu og lækkaði dollar um 7,9% gagnvart krónu. Umreiknað í íslenskar krónur hækkaði heimsvísitalan því um 0,8% á árinu. Hér að neðan er yfirlit yfir þróun gengisvísitölu íslensku krónunnar á árinu 2011, og á næstu síðu má sjá yfirlit yfir þróun MSCI, heimsvísitölu hlutabréfa í dollurum.

Skuldavandi Evrópuríkja var helsta áhyggjuefni fjár-festa á árinu sem leið og nýjar fréttir af aðgerðum til hjálpar Grikklandi höfðu mikil áhrif á gengi hlutabréfa í álfunni. Fá ríki í Evrópu virtust vera að ná sér upp úr efnahagslægdinni sem fylgdi alþjóðlegu lausafjár-krisunni frá 2008. Hagtölur í N-Ameríku voru aftur á móti jákvæðar á árinu en hagvöxtur var þó mestur í þróunarríkjunum. Heimshlutaskiptingu erlendra eigna LSR og LH má sjá nánar í lið 16 í skýringum.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Undir sjóði um sameiginlega fjárfestingu falla inn-lendir og erlendir framtaks- og fasteignasjóðir.

Fjárfestingarloforð í innlendu framtakssjóðina Auði I og Íslenska Athafnasjóðinn I hjá Stefni nema 550 milljónum kr. og í árslok 2011 höfðu um 74% af þeirri fjárhæð verið innkölluð. Fjárfestingarloforð í erlenda framtaks- og fasteignasjóði nema 28,4 milljörðum kr. og í árslok 2011 höfðu um 72% af þeirri fjárhæð verið greidd í sjóðina.

Þróun OMXI6-vísitölunnar á árinu 2011



Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu 2011



Eignir LSR og LH í erlendum framtaks- og fasteignasjóðum námu 21,5 milljörðum kr. og eignir í innlendum framtakssjóðum námu um 452 milljónum kr. í árslok 2011. Á árinu 2011 voru nettófjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu rúmur 1,1 milljarður kr. sem skiptist þannig að fjárfest var fyrir 953,5 milljónir kr. í framtakssjóðum og 184,2 milljónir kr. í fasteignasjóðum. Í árslok var vægi eignaflokksins 5,2% af heildareignum eða rúmir 21,9 milljarðar kr.

Gjaldmiðlavarnasamningar

Fyrir fall íslensku bankanna voru LSR og LH með gjaldmiðlavarnasamninga við Glitni, Kaupþing og Landsbankann. Á árinu 2011 var gengið frá samkomulagi við slitastjórn Landsbankans um uppgjör á gjaldmiðlavarnasamningum sem gerðir voru fyrir hrun. Í meginatriðum er það uppgjör byggt á sömu forsendum og varúðarfærslur þær sem sjóðirnir höfðu áður gert hvað varðar efni, form og fjárhæðir. Snemma árs 2012 var jafnframt gengið frá samkomulagi við slitastjórn Glitnis um uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga og voru áhrif þess samkomulags tekin inn í ársuppgjör LSR og LH fyrir árið 2011. Með uppgjöri við slitastjórnir Landsbankans og Glitnis hefur því dregið verulega úr þeirri óvissu sem hefur ríkt um uppgjör samninganna.

Erlend verðbréf eftir tegundum sjóða (LSR og LH) 2011

Sérgreind söfn	Í millj. kr.	Hlutföll
MFS Institutional Advisors	15.883	13,2%
Morgan Stanley	10.108	8,4%
ETF Credit Suisse	4.121	3,4%
EFG Global Equity	3.866	3,2%
	33.979	28,2%

Erlend hlutabréf

Sampo OYJ-A SHS	336	0,3%
-----------------	-----	------

Erlend hlutdeildarskírteini

Vanguard Global Stock Index	13.081	10,8%
J.P. Morgan Global Dynamic Fund	9.477	7,9%
Schroder Global Core	9.172	7,6%
ACM Global Growth Trends	7.520	6,2%
Schroder Global Value	5.053	4,2%
Aðrir sjóðir	20.514	17,0%
	64.817	53,7%

Framtakssjóðir


Schroder Private Equity III	2.715	2,3%
Morgan Stanley Private Equity III	2.595	2,2%
Schroder Private Equity II	1.519	1,3%
Black Rock Diversified Private Equity III	1.307	1,1%
Landsbanki Private Equity II	1.236	1,0%
Morgan Stanley Emerging Market	1.144	0,9%
Aðrir sjóðir	9.649	8,0%
	20.164	16,7%

Fasteignasjóðir

Templeton Real Estate Fund	672	0,6%
Alþjóða fasteignasjóðurinn	640	0,5%
	1.312	1,1%

Samtals	120.608	100,0%
----------------	----------------	---------------

Þróun MSCI með arði 2011 í USD







Fjárfestingar

Á liðnu ári keyptu LSR og LH verðbréf og veittu lán fyrir samtals 24,4 milljarða kr. að teknu tilliti til seldra bréfa. Alls voru keypt skuldabréf fyrir tæpa 29,6 milljarða kr. og nettósala hlutabréfa nam 6,3 milljörðum kr. Fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu 1,1 milljarði kr. Útlán til sjóðfélaga námu 3,1

milljarði kr. og uppgreiðslur 1,5 milljörðum kr. þannig að nettóútlán námu 1,5 milljörðum kr. árið 2011. Innlán á árinu 2011 drógust saman um 806,5 milljónir kr. Sundurliðun fjárfestinga allra deilda LSR og LH á árinu 2011 má sjá í meðfylgjandi töflu.

Nettófjárfestingar 2011


(í millj. kr.)

	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals
Ríkistryggð bréf	15.176	12.702	(1.622)	26.256	1.786	28.042
Skuldabréf sveitarfélaga	(35)	60	0	(94)	0	(94)
Skuldabréf lánastofnana	(285)	(1.483)	0	(1.768)	(157)	(1.924)
Skuldabréf fyrirtækja	17	(91)	0	(75)	(16)	(90)
Veðskuldabréf	66	120	5	191	9	200
Sjóðfélagalán	1.693	(112)	0	1.581	(42)	1.538
Innlendir skuldabréfasjóðir	500	0	1.414	1.914	0	1.914
Skuldabréf	17.132	11.076	(203)	28.005	1.580	29.585
Innlend hlutabréf	3.500	1.107	68	4.675	209	4.883
Erlend hlutabréf	63	(9.851)	(121)	(9.909)	(1.301)	(11.210)
Hlutabréf	3.563	(8.745)	(53)	(5.235)	(1.092)	(6.327)
Framtakssjóðir innlendir	171	103	0	275	14	289
Framtakssjóðir erlendir	431	193	11	635	30	664
Fasteignasjóðir erlendir	57	110	3	170	15	184
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	659	406	14	1.079	59	1.138
Fjárfestingar alls	21.354	2.737	(242)	23.849	547	24.396

Verðbréfaeign

Í árslok 2011 nam verðbréfaeign sjóðanna 417,8 milljörðum kr. Fjárhæðin skiptist þannig að eign í innlendum skuldabréfum var 263,9 milljarðar kr., 1,1 milljarður kr. var í erlendum skuldabréfum, 13,9 milljarðar kr. voru í innlendum hlutabréfum og 99,1 milljarður kr. í erlendum hlutabréfum. Fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu 21,9 milljörðum kr. og innlán námu tæpum 18 milljörðum kr. í árslok. Skiptingu verðbréfaeignar A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR í árslok 2011 má sjá í meðfylgjandi töflu og á mynd. Samsetning eigna hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Vægi innlendra skuldabréfa er nú 63,2% af heildarverðbréfaeign samanborið við 60,1% árið áður. Vægi erlendra skuldabréfa er 0,3% í stað 0,4% árið áður. Vægi erlendra hlutabréfa hefur dregist saman úr 28,3% í 23,7% og vægi innlendra hlutabréfa hefur aukist úr 1,6% í 3,3%. Vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 5,2% í stað 4,9% árið áður og innlán eru 4,3% af eignum í stað 4,6% árið 2010. Rétt er að benda á að ekki er tekið tillit til neikvæðrar stöðu gjaldmiðlavarnasamninga í þessari samantekt á eignasafni sjóðanna.

Verðbréfaeign LSR og LH 2011




Verðbréfaeign 2011

(í millj. kr.)


	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals	Hlutföll					
							A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals
Ríkistrygð bréf	69.460	68.732	2.600	140.793	7.918	148.710	37,9%	34,2%	27,4%	35,7%	33,3%	35,6%
Skuldabréf sveitarfélaga	6.947	7.848	154	14.949	1.026	15.975	3,8%	3,9%	1,6%	3,8%	4,3%	3,8%
Skuldabréf lánastofnana	7.101	7.626	87	14.814	1.017	15.831	3,9%	3,8%	0,9%	3,8%	4,3%	3,8%
Skuldabréf fyrirtækja	8.932	8.964	15	17.911	1.262	19.173	4,9%	4,5%	0,2%	4,5%	5,3%	4,6%
Veðskuldabréf	1.399	1.420	47	2.867	143	3.010	0,8%	0,7%	0,5%	0,7%	0,6%	0,7%
Sjóðfélagalán	25.267	33.312	0	58.579	2.611	61.190	13,8%	16,6%	0,0%	14,9%	11,0%	14,6%
Erlend skuldabréf	488	562	17	1.067	72	1.140	0,3%	0,3%	0,2%	0,3%	0,3%	0,3%
Skuldabréf	119.595	128.464	2.921	250.980	14.049	265.029	65,3%	63,8%	30,8%	63,7%	59,1%	63,4%
Innlend hlutabréf	7.884	5.121	180	13.185	734	13.919	4,3%	2,5%	1,9%	3,3%	3,1%	3,3%
Erlend hlutabréf	34.999	55.789	1.566	92.354	6.778	99.132	19,1%	27,7%	16,5%	23,4%	28,5%	23,7%
Hlutabréf	42.883	60.911	1.745	105.539	7.512	113.051	23,4%	30,3%	18,4%	26,8%	31,6%	27,1%
Framtakssjóðir innlendir	242	185	3	430	22	452	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%
Framtakssjóðir erlendir	8.085	10.450	209	18.744	1.419	20.164	4,4%	5,2%	2,2%	4,8%	6,0%	4,8%
Fasteignasjóðir innlendir	0	0	0	0	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Fasteignasjóðir erlendir	492	703	22	1.218	94	1.312	0,3%	0,3%	0,2%	0,3%	0,4%	0,3%
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	8.819	11.338	235	20.392	1.535	21.927	4,8%	5,6%	2,5%	5,2%	6,5%	5,2%
Verðbréf alls	171.298	200.712	4.901	376.911	23.096	400.007	93,5%	99,7%	51,7%	95,7%	97,2%	95,7%
Innlán	11.980	550	4.580	17.110	667	17.777	6,5%	0,3%	48,3%	4,3%	2,8%	4,3%
Heildareignir	183.278	201.262	9.481	394.021	23.763	417.784	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%



Þróun verðbréfaeignar LSR og LH 1999–2011



Verðbréfaeign LSR og LH 2011



Fjárfestingarstefna

Í fjárfestingarstefnu LSR og LH eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðanna. Þær miða að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Leitast er við að ná þessu með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram mótaðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og vanda til allra ákvarðana um fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðanna. Í fjárfestingarstefnu er tekið á þáttum eins og árangursmælingum og hámarkseign í einstökum eignaflokkum og öðrum takmörkunum á fjárfestingum. Í fjárfestingarstefnu má einnig finna kafla um áhættustýringu en þar er fjallað um áhættuþætti á borð við markaðs-áhættu, útlána- og mótaðilaáhættu, seljanleikaáhættu og skuldbindingaráhættu. Stjórnir LSR og LH endurskoða fjárfestingarstefnu sjóðanna eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Við þá endurskoðun er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á innlendum og erlendum verðbréfa- mörkuðum, breytinga sem orðið hafa á umhverfi lífeyris- sjóðanna og annarra ytri skilyrða sem áhrif hafa á rekstur og starfsumhverfi þeirra. Í fjárfestingarstefnunni eru sett fram markmið um eignasamsetningu sjóðanna. Fjárfestingarstefna A-deildar LSR er ólík stefnum B-deildar LSR og LH og er ástæðan sú að greiðslufæði þessara deilda hefur þróast með ólíkum hætti. Einungis A-deild LSR tekur við nýjum sjóðfélögum á meðan B-deild LSR og LH eru lokaðar. Það veldur því að hlutfall iðgjalda af ráðstöfunarfé B-deildar LSR og LH fer minnkandi á meðan hlutfall lífeyrisgreiðslna fer vaxandi og mun gera svo um ókomna tíð.

A-deild LSR

Nokkrar breytingar voru gerðar á vægi og vikmörkum einstakra eignaflokka A-deildar LSR. Markmið um eignasamsetningu fyrir árið 2012 voru ákveðin þannig að vægi innlána er 1%, vægi innlendra skuldabréfa er 53%, vægi erlendra skuldabréfa 1%, vægi innlendra hlutabréfa er 8% og vægi erlendra hlutabréfa er 25%. Vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 12% sem skiptist þannig að vægi framtakssjóða er 9%, vægi fasteignasjóða er 1%, vægi vogunarsjóða 1% og vægi hrávörusjóða er 1%.

B-deild LSR og LH

Nokkrar breytingar voru jafnframt gerðar á vægi og vikmörkum einstakra eignaflokka B-deildar LSR og LH. Markmið um eignasamsetningu fyrir árið 2012 voru ákveðin þannig að vægi innlána er 1%, vægi innlendra skuldabréfa er 61%, vægi erlendra skuldabréfa er 1%, vægi innlendra hlutabréfa er 5% og vægi erlendra hlutabréfa er 25%. Vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 7% sem skiptist þannig að vægi framtakssjóða er 5%, vægi fasteignasjóða 1% og vægi hrávörusjóða er 1%.

Fjárfestingarstefna A-deildar LSR

Stefna	Vikmörk		
	1%	0%	20%
Innlán	1%	0%	20%
Skuldabréf	54%	40%	80%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25%	20%	55%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	4%	0%	15%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4%	0%	15%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0%	10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	15%	5%	30%
Erlend skuldabréf	1%	0%	5%
Hlutabréf	33%	10%	60%
Innlend hlutabréf	8%	3%	15%
Erlend hlutabréf	25%	10%	50%
Aðrar fjárfestingar	12%	0%	30%
Framtakssjóðir – innlendir	2%	0%	5%
Framtakssjóðir – erlendir	7%	0%	15%
Fasteignasjóðir – innlendir	0,5%	0%	5%
Fasteignasjóðir – erlendir	0,5%	0%	5%
Vogunarsjóðir	1%	0%	5%
Hrávörusjóðir	1%	0%	5%

Fjárfestingarstefna B-deildar LSR og LH

Stefna	Vikmörk		
	1%	0%	10%
Innlán	1%	0%	10%
Skuldabréf	62%	40%	70%
Ríkistryggð bréf	31%	20%	50%
Skuldabréf lánastofnana	5%	0%	15%
Skuldabréf sveitarfélaga	5%	0%	15%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0%	10%
Veðskuldabréf	15%	5%	25%
Erlend skuldabréf	1%	0%	5%
Hlutabréf	30%	10%	50%
Innlend hlutabréf	5%	0%	10%
Erlend hlutabréf	25%	10%	50%
Aðrar fjárfestingar	7%	0%	15%
Framtakssjóðir – innlendir	1%	0%	5%
Framtakssjóðir – erlendir	4%	0%	10%
Fasteignasjóðir – innlendir	0,5%	0%	5%
Fasteignasjóðir – erlendir	0,5%	0%	5%
Hrávörusjóðir	1%	0%	5%

Séreign LSR

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu Séreignar LSR fyrir árið 2012. Eftir sem áður er henni skipt í þrjár fjárfestingarleiðir. Samkvæmt fjárfestingarstefnu fyrir Leið I er vægi innlána 5%, vægi innlendra skuldabréfa er 48%, vægi erlendra skuldabréfa er 2%, vægi innlendra hlutabréfa er 8%, vægi erlendra hlutabréfa er 32% og vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 5%. Samkvæmt fjárfestingarstefnu fyrir Leið II er vægi innlána 5%, vægi innlendra skuldabréfa er

63%, vægi erlendra skuldabréfa er 2%, vægi innlendra hlutabréfa er 8%, vægi erlendra hlutabréfa er 17% og vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 5%. Leið III er áfram bundinn verðtryggður innlánsreikningur. Jafnframt geta sjóðfélagar valið svokallaða Sér-leið þar sem sjóðfélagar hafa val um Leið I og Leið II framan af en svo flýst inneign sjálfkrafa yfir í Leið III við 55 ára aldur með jöfnum mánaðarlegum yfirfærslum frá 55 ára aldri til 58 ára aldurs.

Fjárfestingarstefna Séreignar

	Leið I			Leið II			Leið III
	Stefna	Vikmörk		Stefna	Vikmörk		Stefna
Innlán	5%	0%	20%	5%	0%	20%	100%
Skuldabréf	50%	20%	70%	65%	20%	90%	
Ríkistryggð bréf	33%	10%	60%	50%	20%	70%	
Skuldabréf lánastofnana	5%	0%	15%	4%	0%	15%	
Skuldabréf sveitarfélaga	5%	0%	15%	5%	0%	15%	
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0%	10%	4%	0%	10%	
Erlend skuldabréf	2%	0%	10%	2%	0%	10%	
Hlutabréf	40%	25%	60%	25%	0%	25%	
Innlend hlutabréf	8%	0%	15%	8%	0%	15%	
Erlend hlutabréf	32%	25%	45%	17%	0%	30%	
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	5%	0%	10%	5%	0%	10%	
Framtakssjóðir	4%	0%	10%	4%	0%	10%	
Fasteignasjóðir	1%	0%	5%	1%	0%	5%	



Sjóðfélagalán

Útlán LSR og LH til sjóðfélaga á árinu 2011 námu 3.067 milljónum kr. samanborið við 2.284 milljónir árið áður. Uppgreiðsla lána nam 1.528 milljónum kr. á árinu 2011. Nettóútlán ársins voru því 1.538 milljónir kr. samanborið við 1.506 milljónir árið áður. Alls voru veitt 430 lán á árinu 2011 samanborið við 410 árið áður. Starfsemi lánadeildar á árinu 2011 einkenndist af ýmissi lánaumsýslu, svo sem vegna greiðsluvanda skuldara.

Sjóðfélagalán í vanskilum námu samtals 366,8 milljónum kr. í árslok 2011 og hækkuðu um 58,3% milli ára. Hlutfallsleg fjárhæð sjóðfélagalána í vanskilum er hins vegar enn lág eða 0,59% í stað 0,38% í árslok 2010. Þá voru 476 lán í meira en 3ja mánaða vanskilum í árslok 2011 og fjölgaði þeim um 119 milli ára. Aukningin er fyrst og fremst vegna skuldara sem hafa sótt um greiðsluáðlögun og greiða ekki af lánnum meðan umsókn þeirra er til meðhöndlunar hjá Umboðsmanni skuldara. Lán sem fóru til uppboðsmeðferðar voru 23 og fækkaði talsvert frá árinu 2010 er þau voru 78. Það er neyðarræði að bjóða upp eignir og hafa sjóðirnir reynt að leysa málin með þeim úrræðum sem standa skuldurum til boða. Sjóðirnir hafa þar af leiðandi ekki þurft að leysa til sín margar fasteignir vegna vanskila eða greiðsluferðleika. Íbúðir í eigu sjóðanna í árslok 2011 voru einungis 14 talsins og er aðallega um að ræða eignir sem sjóðirnir hafa leyst til sín á undanförunum 2 árum.

Ýmis úrræði hafa verið í boði fyrir skuldara í greiðsluvanda. Á árinu voru afgreiddar umsóknir sem bárust vegna svokallaðrar 110% leiðar og einnig tóku gildi bættar verklagsreglur er varða sértæka skuldaaðlögun. Á árinu voru einnig tekin til afgreiðslu mál þeirra sem setið hafa uppi með tvær fasteignir.

Áherslan í starfsemi sjóðanna undanfarið hefur verið að aðstoða sjóðfélaga eftir fremsta megni við að halda lánnum sínum í skilum með þeim úrræðum sem í boði eru. Sjóðirnir hafa ávallt reynt að koma til móts við greiðendur sjóðfélagalána með almennum skilmálabreytingum á lánnum en í kjölfar fjármálakreppunnar hefur jafnframt verið boðið upp á fleiri úrræði fyrir þá sem ekki geta staðið við skuldbindingar sínar, hvort sem er til skemmiri eða lengri tíma. Helstu úrræðin sem sjóðirnir bjóða upp á eru eftirfarandi:

Skuldbreyting vanskila

Lántakar geta óskað eftir því að vanskil verði lögð við höfuðstól. Tímabundin undanþága hefur verið veitt frá greiðslu stimpilgjalds vegna skilmálabreytinga af þessu tagi.

Frestun á greiðslum

Lántakar geta óskað eftir frestun á greiðslu afborgana, að hluta eða fullu, og vaxta og verðbóta, í allt að eitt ár í senn. Greiðslubyrði láns fellur því niður á meðan. Að frestun lokinni eru afborganir, sem ekki voru greiddar á þeim tíma þegar greiðslum var frestað, dreift á láns-tímamann sem eftir er.

Lenging lánstíma

Lánstími LSR lána getur verið allt að 40 ár frá útgáfudegi lánsins. Ef lán hefur verið veitt til skemmiri tíma geta lán-takar óskað eftir að lengja lánstímamann í 40 ár og létt þar með á reglulegri greiðslubyrði.

Sjóðfélagalán LSR og LH

(í þús. kr.)

Veitt lán á árinu:	2011	2010	Breyting
Fjárhæð	3.066.509	2.283.992	34,3%
Fjöldi lána	430	410	4,9%
Meðalfjárhæð	7.131	5.571	28,0%
Lán í árslok:			
Heildarfjárhæð	62.291.801	60.569.865	2,8%
Fjöldi lána	13.850	14.323	-3,3%
Meðalfjárhæð	4.498	4.229	6,4%
Aðrar upplýsingar:			
Fjöldi lána með greiðsluöfnunarvísitölu í árslok	5.981	6.471	-7,6%
Fjöldi lána með neysliverðsvísitölu í árslok	7.869	7.852	0,2%
Fjöldi frystra lána í árslok	182	182	0,0%
Fjöldi lána í greiðsluáðlögun	29	17	70,6%
Fjöldi lána í sértækri skuldaaðlögun	38	6	533,3%
Fjöldi útsendra uppboðsbeiðna á árinu	23	78	-70,5%
Fjöldi skuldbreyttra lána á árinu	122	120	1,7%
Fjöldi lána í meira en 3ja mán. vanskilum í árslok	476	357	33,3%
Fjárhæð í vanskilum alls í árslok	366.836	231.732	58,3%
Hlutfall af sjóðfélagalánum	0,59%	0,38%	53,9%

Fjölgun gjalddaga

Lántakar geta óskað eftir fjölgun gjalddaga. Ef lán er með fáum gjalddögum á ári getur greiðslubyrði stakra afborgana verið þung. Í flestum tilfellum hentar betur að greiða af lánum mánaðarlega þannig að reglulegar tekjur mæti betur afborgunum.

Láni með jöfnum afborgunum breytt í jafngreiðslulán eða svokallað annuitetslán

Ef um nýlegt lán er að ræða er greiðslubyrði láns með jöfnum afborgunum af höfuðstól nokkuð þyngri en af jafngreiðsluláni. Lántakar geta óskað eftir því að afborganir lána miðist við jafnar greiðslur.

Greiðslujöfnun

Í nóvember 2009 voru öll vísitölutryggð lán látin fylgja greiðslujöfnunarvísitölu skv. lögum nr. 107/2009. Við það lækkaði greiðslubyrði lána til skamms tíma eða þar til atvinnuleysi minnkar og kaupmáttur launa eykst á ný. Í árslok 2011 höfðu 57% lántaka LSR lána hafnað þessu úrræði og greiða nú áfram samkvæmt skilmálum útgefna skuldabréfa.

Greiðsluaðlögun

Hinar almennu aðgerðir, sem að framan er rætt um, duga


ekki í öllum tilfellum til að lántakendur nái endum saman og þarf þá að grípa til aðgerða sem ganga lengra. Þetta á við þegar um verulegan greiðsluvanda er að ræða og eignastaða er ef til vill einnig neikvæð. Þeim, sem lent hafa í þessari erfiðu aðstöðu, býðst nú að leita eftir greiðsluaðlögun, m.a. með aðstoð embættis Umboðsmanns skuldara. Í greiðsluaðlögun getur komið til skil-málabreytinga lána og/eða afskrifta hluta lána.

Sértæk skuldaaðlögun


Sjóðimir eru aðilar að samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Markmið sértækrar skuldaaðlögunar er að einstaklingar í alvarlegum skuldavanda geti fengið skilvirka og varanlega lausn, þar sem skuldir eru aðlagðar að eignum og greiðslugetu á grundvelli einkaréttarlegs samkomulags lántaka og kröfuhafa án aðkomu dómstóla. Sértæk skuldaaðlögun getur eftir atvikum átt sér stað með sölu eigna, eftirgjöf krafna, hlutfallslegri lækkingu þeirra, framlengingu lána, tímabundnum gjaldfresti eða öllu framangreindu í senn.

Það eru því nokkrar leiðir færar fyrir þá sem lenda í fjárhagsvanda og sem fyrr er mikilvægt að aðilar leiti lausna fyrr en síðar.


Veitt lán til sjóðfélaga LSR & LH




Fjöldi veittra sjóðfélagalána LSR og LH



Útistandandi lán til sjóðfélaga LSR og LH



Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána LSR og LH



Séreign LSR

Iðgjöld og eignir

Iðgjöld á árinu 2011 námu 790,7 milljónum kr. og lækkuðu um 8,7% milli ára. Heildareignir sjóðfélaga námu 9.289,4 milljónum kr. í árslok 2011 og hækkuðu um 672,7 milljónir kr. eða um 7,8% á milli ára. Á árinu 2011 greiddu 3.092 sjóðfélagar iðgjald til Séreignar LSR. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.826 og fækkaði þeim um 3,3% milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem áttu eign í sjóðnum í árslok 2011 var 4.907.

Fjárfestingarleiðir

Sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sér-leiðar. Í Leið I er vægi hlutabréfa 40%, vægi skuldabréfa 50%, vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu 5% og vægi innlána 5%. Í Leið II er vægi hlutabréfa 25%, vægi skuldabréfa 65%, vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu 5% og vægi innlána 5%. Í Leið III eru allar eignir ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum. Velji sjóðfélagi eina af leiðunum þremur helst sú fjárfestingarleið óbreytt en í Sér-leið færast inn- eign sjálfkrafa milli leiða eftir aldri og áhættuvali.

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign Leiðar I var 4.526,7 milljónir kr. í lok árs 2011. Eign í innlendum skuldabréfum var 2.379,2 milljónir kr. eða 52,6% af heildarverðbréfaeign og eign í erlendum skuldabréfum var 11,6 milljónir kr. eða 0,3%. Erlend hlutabréfaeign var 1.348,1 milljónir kr. eða 29,8% af heildarverðbréfaeign og innlend hlutabréfaeign var 140 milljónir kr. eða 3,1% af eignum. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu námu 196,5 milljónum kr. eða 4,3% og innlán námu 450,9 milljónum kr. eða 10%.

Verðbréfaeign Leiðar II var 849,1 milljónir kr. í lok árs 2011. Eign í innlendum skuldabréfum var 524,6 milljónir kr. eða 61,8% af heildarverðbréfaeign og eign í erlendum skuldabréfum var 5,1 milljónir kr. eða 0,6%. Erlend hlutabréfaeign var 217,4 milljónir kr. eða 25,6% af heildarverðbréfaeign og innlend hlutabréfaeign var 39,9 milljónir kr. eða 4,7% af eignum. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu námu 38 milljónum eða 4,5% og innlán námu 24,1 milljónir kr. eða 2,8% af verðbréfaeign Leiðar II.

Fjárfestingarleiðir Séreignar LSR

	Hlutabréf	Skuldabréf	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	Innlán	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
Leið I	40%	50%	5%	5%	Meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	25%	65%	5%	5%	Litlar sveiflur	54 ára og yngri
Leið III	0%	0%	0%	100%	Lágmarkssveiflur	55 ára og eldri



Í lok árs námu eignir Leiðar III, sem ávaxtaðar eru á verðtrygðum innlánsreikningum, 4.090,6 milljónum kr.

Ávöxtun ársins 2011


Nafnávöxtun Leiðar I var 6,7% sem samsvarar 1,4% hreinni raunávöxtun samanborið við 10% hreina raunávöxtun á árinu 2010. Nafnávöxtun Leiðar II var 7,8% sem samsvarar 2,4% hreinni raunávöxtun samanborið við 11,2% hreina raunávöxtun á árinu 2010. Nafnávöxtun Leiðar III var 8,1% sem samsvarar 2,6% hreinni raunávöxtun samanborið við 3,5% hreina raunávöxtun á árinu 2010.

Tímabundin heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar

Á árinu 2009 voru samþykkt lög um tímabundna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Í fyrstu var opnað fyrir útborgun á allt að einni milljón kr. fyrir hvern sjóðfélaga, en í lok árs 2010 hafði sú fjárhæð verið hækkuð í fimm milljónir kr. svo fremi að sjóðfélagi ætti þá fjárhæð 1. janúar 2011. Í lok árs 2011 var heimildin hækkuð í 6.250.000 kr. sem miðaðist við inneign sjóðfélaga þann 1. janúar 2012. Úttektartímabilið er allt að 15 mánuðir og er þá hámarksfjárhæð á mánuði kr. 416.667.

Á árinu 2011 nýttu 470 sjóðfélagar sér þessa heimild og námu greiðslur alls 484,2 milljónum kr. Greiðslur úr Leið I námu 288,7 milljónum kr., úr Leið II 29,1 milljón kr. og úr Leið III 166,4 milljónum kr.

Verðbréfaeign Séreignar 2011



Hrein eign til greiðslu lífeyris


(í millj. kr.) Fjárfestingarleiðir	Eign 31.12.2011	Hlutfall	Eign 31.12.2010	Breyting milli ára
Leið I	4.375	47,1%	4.266	2,6%
Leið II	824	8,9%	939	-12,2%
Leið III	4.091	44,0%	3.412	19,9%
Samtals	9.289	100,0%	8.617	7,8%

Iðgjöld

Á árinu 2011 námu iðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningum til allra deilda LSR og LH 19,3 milljörðum kr. Iðgjaldatekjur jukust um 824 milljónir kr. á árinu 2011 eða sem nemur 4,5% milli ára. Af iðgjaldagreiðslum ársins fóru 81,3% til A-deildar LSR og námu þær 15,6 milljörðum kr. og hækkuðu um 7% milli ára. Iðgjöld B-deildar LSR námu 2,6 milljörðum kr. á árinu 2011 og lækkuðu um 4,2%. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR voru 790,7 milljónir kr. á árinu 2011 og 243,1 milljón var greidd til LH.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 30.831 á árinu 2011 og fækkaði þeim um 1,7% milli ára. A-deild LSR tekur við öllum nýjum sjóðfélögum en B-deild LSR og LH eru lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum. Virkum sjóðfélögum hjá A-deild LSR fjölgaði lítillega á síðastliðnu ári eða um 0,1% eftir að þeim hafði fækkað um 0,3% árið áður. Virkum sjóðfélögum B-deildar LSR fækkaði um 422 milli ára eða sem nemur 8,1%. Sjóðfélögum LH fækkaði að sama skapi um 8,3% á síðastliðnu ári. Sjóðfélögum sem greiða reglulega til samtryggingardeilda sjóðanna hefur fækkað um 721 frá árinu 2008 eða sem nemur 2,5%.

Skipting iðgjalda 2011



Samanlagður fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald einhvern tíma á árinu 2011 var 35.146 og fækkaði um 2,9% milli ára. Fjöldi sjóðfélaga sem greiddi í einhverja deild LSR eða til LH á árinu 2011 var 31.826 og því greiddu 3.320 sjóðfélagar til fleiri en eins sjóðs eða einnar deildar. Af 3.092 sjóðfélögum Séreignar LSR greiða 200 eingöngu til sjóðanna vegna séreignarsparnaðar.


Iðgjöld

(í millj. kr.)	2011	2010	Breyting	Breyting pr. virkan sjóðfélaga
A-deild LSR	15.643,5	14.613,7	7,0%	6,9%
B-deild LSR	2.574,7	2.688,2	-4,2%	4,2%
Séreign LSR	790,7	866,1	-8,7%	-5,6%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	243,1	259,9	-6,4%	2,0%
Samtals	19.252,0	18.427,9	4,5%	


Sjóðfélagar

	Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga			Greiðandi sjóðfélagar			Með réttindi 31.12.11
	2011	2010	Breyting	2011	2010	Breyting	
A-deild LSR	22.730	22.703	0,1%	26.465	26.928	-1,7%	50.794
B-deild LSR	4.796	5.218	-8,1%	5.076	5.500	-7,7%	38.245
Séreign LSR	2.826	2.923	-3,3%	3.092	3.210	-3,7%	4.907
Lsj. hjúkrunarfræðinga	479	522	-8,3%	513	565	-9,2%	3.032
Samtals	30.831	31.366	-1,7%	35.146	36.203	-2,9%	96.978

Lögbundin iðgjöld



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Í árslok 2011 var meðalaldur þeirra sem greiddu iðgjöld til A-deildar LSR 43 ár og var 71% þeirra konur og 29% karlar. Meðalaldur sjóðfélaga sem greiddu til B-deildar LSR var hins vegar 58 ár og voru 60% þeirra konur en 40% karlar. Hjá LH var meðalaldurinn 58 ár en kynjahlutföllin talvert frábrugðin eða 98% konur og 2% karlar. Meðalaldur hjá Séreign LSR var 55 ár, þar af var meðalaldur 52 ár í Leið I, 57 ár í Leið II og 58 ár í Leið III.

Greiðandi sjóðfélagar í desember 2011

	Karlar	Konur	Meðalaldur
A-deild LSR	29%	71%	43
B-deild LSR	40%	60%	58
Séreign LSR	35%	65%	55
Lsj. hjúkrunarfræðinga	2%	98%	58

Viðbótariðgjöld

Auk lögbundinna iðgjalda til sjóðanna hafa ýmsir launagreiðendur greitt viðbótariðgjöld sem innborgun upp í skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH. Ríkissjóður greiddi áfram viðbótariðgjöld inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH á árinu. Nokkrir launagreiðendur gerðu jafnframt upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR (sjá lið nr. 9 og 23 í skýringum með ársreikningi LSR).



Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur


Samanlagður fjöldi lífeyrisþega í öllum deildum LSR og LH á árinu 2011 var 17.703 og fjölgaði um 4,9% frá árinu áður. Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna nam 25,9 milljörðum kr. en þar af voru greiðslur úr B-deild LSR 84,1% eða 21,7 milljarðar. Lífeyrisgreiðslur jukust um 8,9% á árinu og meðalfjárhæð lífeyris hækkaði í heild um 3,8%. Tæplega 92% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna eru úr B-deild LSR og LH og breytast í takt við vísitölu sem mælir breytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Sú vísitala hækkaði um 7,1% á árinu 2011 en hækking vísitölunnar var 4,3% milli meðaltala árána 2010 og 2011.

Af greiðslum til lífeyrisþega á árinu 2011 fengu 1.154 greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Hjá B-deild LSR fengu 1.234 lífeyrisþegar jafnframt greiðslur úr A-deild og af lífeyrisþegum hjá LH fengu 208 einnig greiðslur frá A- eða B-deild LSR. Fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru með þeim hætti að fái lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris eða greiðslur frá fleiri en einum sjóði eða deild er hann talinn oftast en einu sinni.


Lífeyrir

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.
A-deild LSR	1.477,0	1.273,4	16,0%	2.869	2.494	15,0%	514,8	510,6	0,8%
B-deild LSR	21.737,0	20.232,7	7,4%	13.205	12.790	3,2%	1.646,1	1.581,9	4,1%
Séreign LSR	727,6	504,1	44,3%	781	785	-0,5%	931,6	642,2	45,1%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	1.911,2	1.738,4	9,9%	848	808	5,0%	2.253,8	2.151,5	4,8%
Samtals	25.852,8	23.748,5	8,9%	17.703	16.877	4,9%	1.460,4	1.407,2	3,8%

Lífeyrisgreiðslur



Meðalfjöldi lífeyrisþega




Eftirmanns- og meðaltalsregla


Með lagabreytingum sem tóku gildi í byrjun árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild LSR og LH valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðalbreytingum sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Miðað við lífeyrisgreiðslur í desember 2011 fengu 73,9% lífeyrisþega greiddan lífeyri frá B-deild LSR samkvæmt meðaltalsreglu en 54,8% lífeyrisþega hjá LH. Hér á opnunni má sjá breytingar á hlutfalli milli meðaltals- og eftirmannsreglu hjá lífeyrisþegum B-deildar LSR og LH undanfarin 10 ár. Segja má að þeir lífeyrisþegar sem fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu setji ekki öll eggin í sömu körfuna, því lífeyrir þeirra tekur breytingum sem verða að meðaltali á dagvinnulaunum hjá öllum opinberum starfsmönnum, í stað þess að þeir einskorði sig við ákveðinn eftirmann eða kjarasamning.


Skipting lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum 2011



Lífeyrisgreiðslur úr B-deild LSR í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu



Lífeyrisgreiðslur úr LH í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu



Skipting lífeyrisgreiðslna eftir tegund lífeyris

Samsetning lífeyrisgreiðslna eftir tegund lífeyris er ólík milli deilda sjóðanna. Hún er meðal annars háð reglum sjóðanna hvað varðar einstakar tegundir lífeyris og því hve lengi sjóðirnir hafa tekið á móti iðgjöldum. Þá er mismunandi vægi lífeyristegunda einnig háð kyni og aldri sjóðfélaganna.


Í heildina eru 75,5% lífeyrisgreiðslna úr sjóðunum vegna ellilífeyris en vægi hans er óbreytt milli ára. Vægi makalífeyrisgreiðslna var 15,8% af greiðslunum, örorkulífeyrir nam 6,5% af greiðslunum og barnalífeyrir 0,4%. Þá voru útgreiðslur hjá Séreign LSR vegna tímabundinnar heimildar til úttekta úr séreignar-sjóðum 1,9% af greiðslum.

A-deild LSR

Á árinu 2011 fengu 2.869 lífeyrisþegar greiðslur úr A-deild LSR, samtals að fjárhæð 1.477 milljónir kr. Sé miðað við iðgjöld til sjóðsins er um lága fjárhæð að ræða en sjóðurinn er tiltölulega ungur að árum með um 15 ára iðgjaldasögu. Við útreikning ellilífeyris er miðað við áunnin réttindi en við örorku njóta sjóðfélagar framreiknings eins og þeir hefðu áunnið sér réttindi til ellilífeyrisaldurs. Þetta skýrir m.a. hátt hlutfall örorkulífeyris hjá sjóðnum. Auk þess eru sjóðfélagar ungir að árum en meðalaldur þeirra sem áttu réttindi í árslok 2011 var rúmlega 43 ár. Réttindi þeirra sem fluttu sig úr B-deild LSR og LH yfir í A-deild LSR við stofnun hennar í ársbyrjun 1997 urðu eftir í þeim sjóðum og eru verðtryggð með vísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins í árslok 2011 var rúmlega 63 ár og voru 69% af þeim konur en 31% karlar (hér eru barnalífeyrisþegar ekki taldir með).

Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 52% til greiðslu örorkulífeyris, 38% í ellilífeyri, 5,3% í barnalífeyri og 4,7% í makalífeyri. Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 15% á árinu 2011, en greiðslurnar hækkuðu um 16%.

Skipting lífeyrisgreiðslna A-deilda LSR 2011



A-deild LSR

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.
Ellilífeyrir	560,9	431,1	30,1%	1.418	1.124	26,2%	395,5	383,5	3,1%
Örkulífeyrir	767,5	699,7	9,7%	833	764	9,0%	921,4	915,8	0,6%
Makalífeyrir	70,1	65,1	7,8%	136	117	16,2%	515,7	556,1	-7,3%
Barnalífeyrir	78,5	77,6	1,1%	482	489	-1,4%	162,8	158,6	2,6%
Samtals	1.477,0	1.273,4	16,0%	2.869	2.494	15,0%	514,8	510,6	0,8%

B-deild LSR

Á árinu 2011 fengu 13.205 lífeyrisþegar greiðslur úr B-deild LSR, samtals að fjárhæð 21,7 milljarðar kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var tæplega 74 ár í árslok 2011 og voru 63% af þeim konur en 37% karlar (hér eru barnalífeyrisþegar ekki taldir með). Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 78,3% til greiðslu ellilífeyris, 18,2% í makalífeyri og 3,5% í örorkulífeyri.


Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 3,2% á árinu 2011 en lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 7,4%. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2011 var 1.646 þúsund kr. en var 1.582 þúsund árið áður og hækkaði því um 4,1% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega í B-deild LSR var 37,8% í desember 2011. Fyrir fullt starf ávinnur sjóð-

félagi sér 2% á ári og að meðaltali er því um tæplega 19 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 144 þúsund kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru tæplega 344 þúsund. Meðalviðmiðunarlaunin hækkuðu um 6,5% milli ára en meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hélst óbreytt.

Ef meðalfjárhæð lífeyris er vegin miðað við réttindi lífeyrisþega eru 3.778 kr. á bak við hvert réttindaprósent eða sem svarar til 378 þúsund kr. meðalviðmiðunarlauna. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru hins vegar lægri eða 344 þúsund kr. Almennt má því segja að fylgni sé á milli hækkanði réttindaprósentu og hækkanði viðmiðunarlauna. Vakin er athygli á því að framangreindar tölur eru meðaltöl og því lækka líf-

Skipting lífeyrisgreiðslna B-deildar LSR 2011



B-deild LSR

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.
Ellilífeyrir	17.028,9	15.740,1	8,2%	9.399	8.966	4,8%	1.811,8	1.755,5	3,2%
Örorkulífeyrir	750,1	717,0	4,6%	1.144	1.199	-4,6%	655,7	598,0	9,6%
Makalífeyrir	3.947,6	3.764,6	4,9%	2.511	2.462	2,0%	1.572,1	1.529,1	2,8%
Barnalífeyrir	10,5	10,9	-4,1%	151	163	-7,4%	69,2	66,9	3,5%
Samtals	21.737,0	20.232,7	7,4%	13.205	12.790	3,2%	1.646,1	1.581,9	4,1%

Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2011 hjá B-deild LSR

	Meðalréttindi %	Meðalfjárhæð	Meðalviðmiðunarlaun	Meðalfjárhæð á bak við hvert réttindaprósent
Ellilífeyrir	40,8%	156.167	345.381	3.825
Örorkulífeyrir	17,7%	52.276	273.127	2.961
Makalífeyrir	34,5%	135.601	367.603	3.935
Meðaltal	37,8%	143.929	343.893	3.778

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2011 án persónuuppþátar.

eyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi miðað við fullt starf. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2011 myndu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga nema 264 þúsund kr. á mánuði.

Af þeim 21.737 milljónum kr. sem greiddar voru í lífeyri úr B-deild LSR á síðasta ári fékk sjóðurinn 7.782 milljónir endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Samkvæmt lögum sjóðsins endurgreiða launagreiðendur þann hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum á árinu 2011 var

64,2% en var 63% árið áður. Því lengur sem lífeyrisþegi hefur verið á lífeyri, því lægra er hlutfall sjóðsins þar sem uppsafnaðar launahækkningar eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Vegna mikillar nýliðunar í hópi lífeyrisþega og lítilla launahækkana á árunum 2009 og 2010 hefur hlutur sjóðsins í lífeyrisgreiðslum farið vaxandi. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 1.050 talsins á árinu en brottfallnir lífeyrisúrskurðir voru 635. Geri launagreiðandi upp skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum fellur innheimta lífeyrishækkana niður.



Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga


Á árinu 2011 fengu 848 lífeyrisþegar greiðslur frá LH, samtals að fjárhæð 1.911,2 milljónir kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var tæplega 71 ár í árslok 2011 og voru 95% af þeim konur en 5% karlar (hér eru barnalífeyrisþegar ekki taldir með). Af lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu 2011 fóru 88,3% til greiðslu ellilífeyris, 8,8% í örorkulífeyri og 2,8% í makalífeyri.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 5% á árinu 2011 en lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 9,9%. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2011 var 2.254 þúsund kr. en var 2.152 þúsund kr. árið áður og hækkaði um 4,8% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hjá LH var 48,7% í desember 2011. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er þannig um rúmlega 24 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 192 þúsund kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru rúmlega 382 þúsund kr. Meðalviðmiðunarlaunin hækkuðu um 5,9% milli ára en meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hélst óbreytt.

Ef meðalfjárhæð lífeyris er vegin miðað við réttindi lífeyrisþega eru 3.911 kr. á bak við hvert réttindaprósént

Skipting lífeyrisgreiðslna LH 2011



sem samsvarar 391 þúsund kr. meðallaunum. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru lægri eða 382 þúsund kr. Vakin er athygli á því að framangreindar tölur eru meðaltöl og því lækka lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindapróséntuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi miðað við fullt starf. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2011 myndu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga nema 273,8 þúsund kr. á mánuði.

Lsj. hjúkrunarfræðinga

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.
Ellilífeyrir	1.688,6	1.533,2	10,1%	681	641	6,2%	2.479,5	2.391,8	3,7%
Örorkulífeyrir	168,4	157,5	6,9%	117	118	-0,8%	1.438,9	1.335,0	7,8%
Makalífeyrir	53,4	46,4	15,0%	41	34	20,6%	1.302,3	1.365,5	-4,6%
Barnalífeyrir	0,9	1,3	-25,6%	9	15	-40,0%	103,6	83,6	24,0%
Samtals	1.911,2	1.738,4	9,9%	848	808	5,0%	2.253,8	2.151,5	4,8%


Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2011 hjá LH

	Meðalréttindi %	Meðalfjárhæð	Meðalviðmiðunarlaun	Meðalfjárhæð á bak við hvert réttindaprósént
Ellilífeyrir	52,3%	208.659	389.262	3.990
Örorkulífeyrir	32,1%	109.010	335.310	3.397
Makalífeyrir	30,5%	119.780	377.300	3.921
Meðaltal	48,7%	191.845	381.818	3.911

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2011 án persónuuppbótar.

Af þeim 1.911 milljónum kr. sem greiddar voru í lífeyri úr LH á síðasta ári fékk sjóðurinn 729 milljónir endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum ársins var 61,9%, en var 61,1% árið áður. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 73 en brottfallnir 33. Sjóðurinn greiðir að öllu leyti fjárhæð lífeyris vegna nýrra lífeyrisþega en launagreiðendur greiða allar hækkanir sem verða á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna.

Skipting lífeyrisgreiðslna Séreignar LSR 2011



- Ellilífeyrir
- Örorku-, maka- og barnalífeyrir
- Aðrar útgreiðslur

Séreign LSR

Þó nokkur aukning var í útgreiðslum úr Séreign LSR á síðasta ári en þær námu 728 milljónum kr. og jukust um tæplega helming milli ára. Skýrist það að stærstum hluta af því að fjárhæðin sem sjóðfélagar gátu að hámarki tekið út vegna tímabundinnar heimildar til útgreiðslu á séreignarsparnaði var á árinu hækkuð í 6.250 þúsund kr. á hvern sjóðfélaga. Á undanförunum 3 árum hefur 1,1 milljarður kr. verið greiddur aukalega úr Séreign LSR vegna framangreindrar heimildar. Á sama tíma hafa auk þess verið greiddir 1,2 milljarðar kr. til þeirra sem eru 60 ára og eldri en frá og með árinu 2009 gátu sjóðfélagar sem náð höfðu 60 ára aldri tekið út inneign sína í einu lagi.

Á árinu 2011 námu útgreiðslur til þeirra sem voru 60 ára eða eldri 232 milljónum kr. og hækkuðu um 21,6% milli ára. Þá nýttu 470 sjóðfélagar sér tímabundna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar á mótí 494 einstaklingum árið áður. Í heildina námu þær greiðslur 484,2 milljónum kr. eða rúmri milljón á hvern sjóðfélaga. Af lífeyrisgreiðslum síðasta árs var 331 milljón kr. greidd úr Leið I, 55 milljónir úr Leið II og 342 milljónir úr Leið III. Á árinu 2011 fékk í heildina 781 sjóðfélagi greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar og fækkaði þeim lítillega milli ára.

Séreign LSR

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.	2011	2010	Breyt.
Ellilífeyrir	232,3	191,0	21,6%	283	257	10,1%	820,7	743,2	10,4%
Örorku-, maka- og barnalífeyrir	11,1	8,8	26,8%	28	34	-17,6%	396,5	257,4	54,0%
Aðrar útgreiðslur	484,2	304,4	59,1%	470	494	-4,9%	1.030,2	616,1	67,2%
Samtals	727,6	504,1	44,3%	781	785	-0,5%	931,6	642,2	45,1%

Breytingar á fjölda lífeyrisþega eftir deildum 2010–2011


Lífeyrisþegar A-deild LSR	Fjöldi 2010	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2011	Breyting
Ellilífeyrir	1.124	331	37	1.418	294
Örorkulífeyrir	764	144	75	833	69
Makalífeyrir	117	30	11	136	19
Barnalífeyrir	489	90	97	482	-7
Samtals	2.494	595	220	2.869	375

Lífeyrisþegar B-deild LSR	Fjöldi 2010	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2011	Breyting
Ellilífeyrir	8.966	748	315	9.399	433
Örorkulífeyrir	1.199	111	166	1.144	-55
Makalífeyrir	2.462	173	124	2.511	49
Barnalífeyrir	163	18	30	151	-12
Samtals	12.790	1.050	635	13.205	415

Lífeyrisþegar Lsj. hjúkrunarfræðinga	Fjöldi 2010	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2011	Breyting
Ellilífeyrir	641	51	11	681	40
Örorkulífeyrir	118	14	15	117	-1
Makalífeyrir	34	7	0	41	7
Barnalífeyrir	15	1	7	9	-6
Samtals	808	73	33	848	40

Lífeyrisþegar Samtals	Fjöldi 2010	Nýir úrskurðir	Út af lífeyri	Fjöldi 2011	Breyting
Ellilífeyrir	10.731	1.130	363	11.498	767
Örorkulífeyrir	2.081	269	256	2.094	13
Makalífeyrir	2.613	210	135	2.688	75
Barnalífeyrir	667	109	134	642	-25
Samtals	16.092	1.718	888	16.922	830

Nýir á lífeyri – brottfall af lífeyri



Skuldbindingar

Stjórnir LSR og LH fólu Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna í árslok 2011. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysluverðs. Hjá B-deild LSR og LH er gert ráð fyrir að launahækkningar séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og ávöxtun 2% umfram launahækkningar. Tryggingafræðilegar forsendur eru óbreyttar frá fyrra ári og er miðað við lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2004 til 2008.

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum B-deildar LSR

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar B-deildar LSR 543,5 milljarðar kr. í árslok 2011 en voru 513 milljarðar árið áður, sem er 5,9% hækkun milli ára.

Réttindi hjá B-deild LSR eru reiknuð sem hlutfall af dagvinnulaunum og hafa allar launabreytingar því áhrif á réttindi sjóðfélaga, hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 7,1% á árinu 2011 en byrjað var að mæla hækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna með sérstakri vísitölu í ársbyrjun 1997. Frá þeim tímapunkti hefur árleg hækkun vísitölunnar numið 8,4% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafnávöxtun sjóðsins verið 8,2% að meðaltali. Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2011 skiptist eftir flokkun launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingu áfallinnar skuldbindingar á árinu 2011.

Skuldbindingar B-deildar LSR voru 260,5 milljarðar kr. í árslok 2001 og hafa því aukist um 108,6% á undanförunum 10 árum. Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má aðallega rekja til almennra launahækkana, kerfisbreytinga á launum opinberra starfsmanna sem og aukinna lífslíkna. Frá árslokum 2001 til loka ársins 2011 hækkaði vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna um 89,5%. Eignir B-deildar hafa hins vegar hækkað um 134,9% á sama tímabili og stafar það m.a. af ávöxtun og uppgjörum og innborgunum vegna skuldbindinga. Á súluriti hér á næstu síðu má sjá hvernig eignir B-deildar LSR hafa þróast sem hlutfall af áföllum skuldbindingum frá árinu 2002. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins en í árslok 2011 námu

uppfærðar innborganir ríkissjóðs 75,6% af eignum sjóðsins. Hlutfall eigna B-deildar LSR var 36,6% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2011 og lækkaði um 0,9 prósentustig frá árinu áður. Ávöxtun eigna var 7,7% á árinu 2011 en skuldbindingar hækkuðu um 5,9%. Þrátt fyrir það versnar tryggingafræðileg staða milli ára þar sem greiðslustreymi í sjóðinn er neikvætt og þarf hann þar af leiðandi að ganga á eignir sínar og ávöxtun þeirra til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

Áfallin skuldbinding í árslok 2011, B-deild LSR	Fjárhæð í millj. kr.
Ríkissjóður	400.371
Sparisjóðir	2.906
Stéttarfélög	1.346
Sveitarfélög	25.855
Ýmsir með bakábyrgð sveitafélaga	5.536
Samrekstur ríkis og sveitafélaga	5.310
Ýmsir aðrir aðilar	20.163
Uppgerðar skuldbindingar	82.004
Samtals	543.489

Breyting áfallinnar skuldbindingar, B-deild LSR	Fjárhæð í millj. kr.
Skuldbinding í árslok 2010	512.995
Vextir 2%	10.260
Nýjar skuldbindingar	5.993
Launahækkningar og annað	35.979
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(21.737)
Skuldbinding í árslok 2011	543.489


Skuldbindingar launagreiðenda við B-deild LSR vegna lífeyrishækkana fyrirverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um B-deild LSR er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir um þessar greiðslur mánaðarlega. Sá hluti skuldbindinga B-deildar LSR, sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði, var metinn 230,7 milljarðar kr. í árslok 2011 eða um 42,5% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 217,3 milljarðar kr. í árslok 2010 og hækkuðu því um 6,2% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður. Í ársreikningi B-deildar LSR er getið um kröfur sjóðsins á launagreiðendur sem eignir utan efnahagsreiknings.

Eign til greiðslu á lífeyri í B-deild LSR

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign B-deildar LSR 190,9 milljarðar kr. í árslok 2011 samanborið við 187 milljarða árið á undan. Til viðbótar eignum á sjóðurinn áðurnefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 230,7 milljarðar kr. Samtals eru þessar eignir 421,6 milljarðar kr. Endurmet þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 8,2 milljörðum að teknu tilliti til núvirts fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir sjóðsins teljast því vera 429,8 milljarðar kr. að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 79,1% af áfallinni skuldbindingu hans. Samkvæmt 32. gr. laga um sjóðinn ber ríkissjóður ábyrgð á greiðslu lífeyris úr B-deild LSR. Hins vegar reynir ekki á þá ábyrgð nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur

Núvirtar eignir B-deildar LSR sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs var samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum í árslok 2011 metin á 113,7 milljarða kr. eða 20,9% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Staða sjóðsins versnaði milli ára hvað þetta varðar en í árslok 2010 var bakábyrgð ríkissjóðs metin 103,2 milljarðar kr. eða um 20,1% af áfallinni skuldbindingu. Taflan hér fyrir neðan sýnir sundurliðun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum sjóðsins í árslok 2011. Undanfarin 13 ár hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn umfram lagaskyldu. Í árslok 2011 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs 144,4 milljörðum kr. en bakábyrgð hans hefði verið 258,1 milljarður í árslok 2011 ef ekki hefði komið til þessara aukagreiðslna.

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum B-deildar LSR í árslok 2011	Fjárhæð í millj. kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	190.874	35,1%	35,1%
Endurmet á verðbréfaeign	8.183	1,5%	36,6%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (33. gr. laga nr. 1/1997)	230.743	42,5%	79,1%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar (32. gr. laga nr. 1/1997)	113.689	20,9%	100,0%
Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	543.489	100,0%	

Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar

Hluti launagreiðenda hefur gert upp áfallnar skuldbindingar sínar við B-deild LSR. Sjóðurinn verður að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinganna með eignum sínum án krafna á launagreiðendur. Innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn er haldið til hliðar við útreikning á eignum sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar. Viðbótar-iðgjald þeirra launagreiðenda, sem ekki hafa gert upp skuldbindingar sínar, er á sama hátt dregið frá eignum. Af áfallinni skuldbindingu að fjárhæð 543,5 milljarðar kr. hafa 82 milljarðar verið endanlega gerðir upp við sjóðinn. Óuppgerð áfallin skuldbinding var í árslok 461,5 milljarðar kr. og eignir sjóðsins vegna óuppgerðra skuldbindinga voru neikvæðar um 35,1 milljarð.

Vegna fjármálakreppunnar og erfiðleika á fjármálamörkuðum í kjölfarið hefur gengið fyrr á eignir sjóðsins til að mæta óuppgerðum skuldbindingum en áætlað var. Þær eignir sem eftir standa eru tilkomnar vegna aukagreiðslna sem ríkissjóður hefur greitt til sjóðanna og vegna uppgjöra á skuldbindingum. Ljóst er að ef hvorugt hefði komið til hefði sjóðurinn tæmst við bankahrunið á 4. ársfjórðungi 2008 og allar greiðslur frá og með árinu 2009 hefðu þurft að koma beint úr ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Í núverandi efnahagsárferði hefði það verið mjög erfitt. Það var

því heillavænlegt skref að ríkissjóður skyldi fyrir 13 árum hafa tekið þá ákvörðun að greiða aukalega til sjóðsins og dreifa þar með greiðslum sínum vegna bakábyrgðar til lengri tíma en ella.

Það lá fyrir að eignir til að mæta óuppgerðum skuldbindingum myndu klárast á endanum, vegna lokunar B-deildar LSR fyrir nýjum sjóðfélögum og þess hvernig réttindakerfi sjóðsins er byggt upp. Ástæðan er sú að réttindakerfi sjóðsins er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og að hluta með sjóðssöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en sjóðurinn getur staðið undir með 12% iðgjaldi. Eftir að sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur inn í sjóðinn og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir það verið tilkominn vegna aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs á skuldbindingum. Jafnframt hefur hækkun skuldbindinga að meðaltali verið meiri en sem nemur ávöxtun á eignum sjóðsins. Þar sem eignum vegna aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs skuldbindinga er haldið til hliðar við útgreiðslur úr sjóðnum hefur gengið jafnt og þétt á þær eignir sem eftir stóðu til að mæta óuppgerðum skuldbindingum. Listi yfir launagreiðendur sem gert hafa upp áfallna skuldbindingu gagnvart B-deild LSR er í skýringarlið nr. 23. Eignir sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar má sjá nánar í töflu hér að neðan.

Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar (í millj. kr.)	Fjárhæð 2011	Fjárhæð 2010		
Áfallin skuldbinding samtals	543.489	512.995		
Uppgerð áfallin skuldbinding	(82.004)	(78.421)		
Óuppgerð áfallin skuldbinding	461.485	434.574	100,0%	100,0%
Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi	190.874	186.979		
Endurmat verðbréfa	8.183	5.533		
Samtals endurmetin eign	199.057	192.513		
Aukagreiðslur ríkissjóðs	144.389	133.361		
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	1.485	1.349		
Hlutdeild aukagreiðslna í endurmati verðbréfa	6.254	3.987		
Samtals vegna aukagreiðslna	152.127	138.697		
Bókfærð eign ásamt endurmati	199.057	192.513		
Eign vegna uppperðra skuldbindinga	(82.004)	(78.421)		
Eign vegna aukagreiðslna	(152.127)	(138.697)		
Eign vegna óuppgerðra skuldbindinga	(35.073)	(24.605)	-7,6%	-5,7%

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum A-deildar LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar LSR í árslok 2011 var 196,8 milljarðar kr. og hækkaði um 17,9% milli ára. Hrein eign sjóðsins skv. efnahagsreikningi í árslok 2011 nam 179,3 milljörðum kr. og hækkaði hún um 16,1% milli ára. Endurmat þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 7,3 milljörðum að teknu tilliti til núvirtis fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir sjóðsins í árslok 2011 eru því 186,6 milljarðar kr. Eignir sjóðsins í árslok 2011 voru samkvæmt þessu 10,2 milljörðum lægri en áfallin skuldbinding hans eða 5,2%, en staðan var neikvæð um 2,5% árið áður. Vegna áhrifa fjármálakreppunnar versnaði staða A-deildar á árinu 2008 en fram að því hafði sjóðurinn verið í jafnvægi. Réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs en einungis hluti af eignum sjóðsins er verðtryggður. Mikil verðbólga hefur því slæm áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 57,4 milljarða kr. eða um 13,1% af heildarskuldbindingunni.

Framlag launagreiðenda er nú 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að hann eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldaprósenta launagreiðenda er endurskoðuð árlega. Í lögum um lífeyrissjóði hefur verið miðað við að grípa skuli til

viðeigandi ráðstafana ef munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er meiri en 10%. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem hefur verið í gildi frá árinu 2008 má þessi munur vera allt að 15%. Heildarstaða A-deildar er neikvæð um sem nemur 13,1%. Stjórn sjóðsins hefur tekið til skoðunar mögulegar leiðir til að bregðast við neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu hans.

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum LH

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar LH 64,5 milljarðar kr. í árslok 2011, en voru 60,6 milljarðar árið áður sem er 6,4% hækkun milli ára.

Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 7,1% á árinu 2011. Frá ársbyrjun 1997, þegar mæling vísitölnnar hófst, hefur árleg hækkun vísitölnnar numið 8,4% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafnávöxtun sjóðsins verið 7,9% að meðaltali.

Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má almennt rekja til launahækkana, kerfisbreytinga á launum, ávinnslu réttinda sem og breytinga á lífs- og örorkulikum.


Þegar dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga breytast hefur það bein áhrif á skuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega á eftirmannsreglu. Meðaltalshækkun dagvinnulauna allra opinberra starfsmanna hefur hins vegar áhrif á skuldbindingar lífeyrisþega á meðaltalsreglu og sjóðfélaga með geymd réttindi, þ.m.t. þeirra sem fluttu sig yfir í A-deild LSR.

Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR (í millj. kr.)	Fjárhæð 2011	Fjárhæð 2010		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	179.342	154.510		
Viðbót vegna endurmats	7.261	8.232		
Samtals eign	186.603	162.743		
Áfallin lífeyrisskuldbinding	196.823	166.916		
Áfallin staða	-10.220	-4.173	-5,2%	-2,5%
Hrein eign ásamt endurmati	186.603	162.743		
Framtíðariðgjöld	195.047	184.916		
Samtals framtíðareign	381.650	347.659		
Heildarskuldbinding	439.047	395.096		
Heildarstaða	-57.397	-47.437	-13,1%	-12,0%

Hér að neðan má sjá töflu sem sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2011 skiptist eftir flokkun launa-greiðenda og töflu yfir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2011.

Skuldbindingar LH voru 28,1 milljarður kr. í árslok 2001 og hafa því aukist um 130% á undanförunum 10 árum. Eignir sjóðsins hafa vaxið með svipuðum hætti eða um 134,1% á sama tímabili. Hér til hliðar má sjá hvernig eignir LH hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 2002. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins en í árslok 2011 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs 63,5% af eignum. Hlutfall eigna LH var 35,7% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2011 og lækkaði um 0,8 prósentustig frá árinu áður. Ávöxtun eigna sjóðsins var 7,1% á árinu 2011 á meðan skuldbindingarnar hækkuðu um 6,4%. Undanfarin misseri hefur jafnt og þétt dregið úr nettóinnstreymi í sjóðinn vegna fækkunar greiðandi sjóðfélaga og aukinna lífeyrisgreiðslna og endurspeglast það í tryggingafræðilegri stöðu hans. Greiðslustreymi í sjóðinn er neikvætt og þarf hann að ganga á eignir sínar og ávöxtun þeirra til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

Núvirtar eignir LH sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Áfallin skuldbinding í árslok 2011, LH	Fjárhæð í millj. kr.
Ríkissjóður	57.135
Stéttarfélög	90
Sveitarfélög	985
Samrekstur ríkis og sveitafélaga	9
Ýmsir aðrir aðilar	6.254
Uppgerðar skuldbindingar	71
Samtals	64.544

Breyting áfallinnar skuldbindingar, LH	Fjárhæð í millj. kr.
Skuldbinding í árslok 2010	60.648
Vextir 2%	1.213
Nýjar skuldbindingar	527
Launahækkningar og annað	4.067
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(1.911)
Skuldbinding í árslok 2011	64.544

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum LH í árslok 2011	Fjárhæð í millj. kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	22.309	34,6%	34,6%
Endurmat á verðbréfaeign	709	1,1%	35,7%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana (20. gr. laga nr. 2/1997)	32.237	49,9%	85,6%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna bakábyrgðar (18. gr. laga nr. 2/1997)	9.289	14,4%	100,0%
Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	64.544	100,00%	

Skuldbindingar launagreiðenda við LH vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um LH er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðnum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir um þessar greiðslur mánaðarlega. Sá hluti skuldbindinga LH sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 32,2 milljarðar kr. í árslok 2011 eða um 49,9% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 30,3 milljarðar kr. í árslok 2010 og hækkuðu því um 6,4% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framan- greinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður. Í ársreikningi LH er getið um kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana sem eignir utan efnahagsreiknings.

Eignir LH upp í úppgærðar skuldbindingar

Til að finna út eignir sjóðsins upp í úppgærðar skuldbindingar þarf að draga frá eignir sem endurspeglar verðmæti þeirra réttinda sem hafa verið gerð upp gagnvart sjóðnum, alls að fjárhæð 70,3 milljónir kr. Innborgunum ríkissjóðs og annarra launagreiðenda inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn er að sama skapi

haldið til hliðar við útreikninginn en alls er uppreiknað verðmæti þessara innborgana 15,4 milljarðar kr. með hlutdeild í endurmati. Eign sjóðsins til að mæta úppgærðum skuldbindingum er því 7,6 milljarðar kr. skv. þessum útreikningi eða um 11,7% af skuldbindingunni.

Til að mæta útgreiðslum úr sjóðnum er fyrst gengið á aðrar eignir en þær sem eru tilkomnar vegna innborgana inn á skuldbindingar eða uppgreiðslna á skuldbindingum. Skv. útreikningi tryggingastærðfræðings sjóðsins munu eignir sjóðsins til að mæta úppgærðum skuldbindingum verða uppnar á árinu 2018. Frá þeim tímapunkti munu greiðslur úr sjóðnum verða fjármagnaðar með inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna. Ástæða þess að sjóðurinn mun tæmast er m.a. sú að honum hefur verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum, lífeyrisgreiðslur hafa verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldgreiðslur inn í sjóðinn og hefur stærstur hluti af eignamyndun hvers árs verið tilkominn vegna ávöxtunar og aukagreiðslna ríkissjóðs. Jafnframt hefur hækkun skuldbindinga að meðaltali verið meiri en sem nemur ávöxtun á eignum sjóðsins. Þá eru réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér mun meiri en sjóðnum er kleift að standa undir með 12% iðgjaldi.

Eignir sjóðsins upp í úppgærðar skuldbindingar má sjá nánar í töflu hér að neðan.

Eignir LH upp í úppgærðar skuldbindingar (í millj. kr.)	Fjárhæð 2011		Fjárhæð 2010	
Áfallin skuldbinding samtals	64.544		60.648	
Uppgærð áfallin skuldbinding	(70)		(62)	
Úppgærð áfallin skuldbinding	64.474	100,0%	60.586	100,0%
Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi	22.309		21.654	
Endurmat verðbréfa	709		475	
Samtals endurmetin eign	23.018		22.129	
Aukagreiðslur ríkissjóðs	14.157		13.153	
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	748		681	
Hlutdeild aukagreiðslna í endurmati verðbréfa	474		303	
Samtals vegna aukagreiðslna	15.378		14.137	
Bókfærð eign ásamt endurmati	23.018		22.129	
Eign vegna uppgærðra skuldbindinga	(70)		(62)	
Eign vegna aukagreiðslna	(15.378)		(14.137)	
Eign vegna uppgærðra skuldbindinga	7.570	11,7%	7.930	13,1%

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Árið 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur til B-deildar LSR og LH umfram lagaskyldu með því markmiði að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðina til lengri tíma. Aukagreiðslurnar eru háðar stöðu ríkissjóðs hverju sinni en vegna efnahagsástandsins hefur verið hlé á þeim síðustu 3 árin. Aukagreiðslurnar hafa styrkt fjárhagsstöðu sjóðanna verulega og gert þeim kleift að mæta skuldbindingum vegna áunnina réttinda sjóðfélaga með eignum sínum til lengri tíma en annars hefði orðið.


Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun sjóðanna. Innborganirnar mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar skuldbindingum ríkissjóðs. Inneignin hefur hins vegar engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjörs á þeim. Innborganir ríkissjóðs geta verið ýmist í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara sem sjóðurinn hefði annars skilað til ríkissjóðs.

Á árinu 2011 námu innborganir ríkissjóðs í formi viðbótariðgjalda 1,1 milljarði kr. en þær voru 1,2 milljarðar árið áður. Frá árinu 1999 hefur ríkissjóður samtals greitt 86,4 milljarða kr. inn á skuldbindingar sínar við sjóðina. Í árslok 2011 nam sú fjárhæð, uppfærð með verðbótum og hreinni raunávöxtun sjóðanna, samtals 158,5 milljörðum kr. Þar af námu uppsafnaðir vextir og verðbætur 72,1 milljarði kr.


Tryggingastærðfræðingur sjóðanna gerir árlega úttekt á fjárhagsstöðu sjóðanna og framtíðarsjóðstreymi. Til að aðgreina skuldbindingar B-deildar LSR sem hafa verið gerðar upp af launagreiðendum er sjóðnum skipt í 2 hluta; uppgerðan hluta og óuppgerðan hluta. Í uppgerðan hlutanum eru teknar til hliðar eignir að fjárhæð 82 milljarðar kr. til að mæta skuldbindingu vegna réttinda sem hafa verið gerð upp gagnvart sjóðnum. Eftir standa óuppgerðar skuldbindingar sem sjóðurinn stendur skil á með öðrum eignum sínum. Ef horft er framhjá aukagreiðslum ríkissjóðs var óuppgerður hluti B-deildar LSR neikvæður um 35,1 milljarð kr. í árslok 2011 og hefur

sjóðurinn gengið á inneign ríkissjóðs sem því nemur. Ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefði sjóðurinn þurft að ganga á eignir uppgerða hlutans til að geta greitt lífeyri. Að sama skapi hefði LH tæmst á árinu 2018 ef ekki hefðu komið til neinar aukagreiðslur frá ríkissjóði.

Innborganir ríkissjóðs – inneign í árslok



Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar hjá LSR og LH



Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar (í millj. kr.)

	B-deild LSR		Lsj. hjúkrunarfræðinga		Samtals	
	2011	2010	2011	2010	2011	2010
Inneign í ársbyrjun	133.360,7	126.502,0	13.152,8	12.489,2	146.513,5	138.991,1
Viðbótariðgjöld (A-hluti ríkissjóðs)	686,7	702,1	90,7	100,1	777,4	802,2
Viðbót vegna grunnskólakennara	360,2	371,1	0,0	0,0	360,2	371,1
Uppfærsla vegna vaxta og verðbóta	9.980,9	5.785,6	913,1	563,5	10.894,1	6.349,2
Samtals inneign í árslok	144.388,5	133.360,7	14.156,6	13.152,8	158.545,2	146.513,5


Miðað við tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna í árslok 2011 var niðurstaðan sú að tekist hafði að fresta því til ársins 2023 að úppgerður hluti B-deildar LSR kæmist í þrot og LH til ársins 2026. Séu þær eignir, sem B-deild LSR á til að mæta úppgerðum skuldbindingum, notaðar eftir að úppgerður hluti sjóðsins tæmist duga þær til að mæta útgreiðslum fram á árið 2026 en þá mun sjóðurinn tæmast endanlega. Í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Við það að sjóðimir tæmast munu greiðslur úr þeim falla á ríkissjóð sem bakábyrgðaraðila. Á meðfylgjandi mynd sjást tekjur úppgerðs hluta B-deildar LSR ásamt greiðslum frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar sem munu gera sjóðnum kleift að standa undir skuldbindingum sínum. Greiðslur vegna bakábyrgðar vega þyngst í framtíðarsjóðsstreyminu sem og greiðslur sem sjóðurinn fær frá launagreiðendum vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum. Sjóðurinn mun jafnframt fá fjárfestingartekjur af eignum sínum eins lengi og þær eru fyrir hendi ásamt iðgjöldum og viðbótariðgjöldum frá launagreiðendum og sjóðfélögum þar til kemur að töku lífeyris. Á myndinni má sjá þann hluta af bakábyrgð ríkissjóðs sem þegar hefur verið fjármagnaður með aukagreiðslum. Greiðslur ríkissjóðs vegna þess hluta sem er ófjármagnaður munu hefjast á árinu 2023 að öllu óbreyttu og verða að meðaltali 16 milljarðar kr. á ári næstu 10 árin eftir það, miðað við verðlag í árslok 2011, en fara svo lækkandi. Á sama tíma munu tekjur sjóðsins vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema tæpum 12 milljörðum en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði. Þegar eignir LH verða uppnar á árinu 2026 munu samsvarandi árlegar greiðslur til LH nema rúmlega 4 milljörðum kr. vegna bakábyrgðar og hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum næstu 10 árin eftir það, miðað við verðlag í árslok 2011. Í ljósi þessa er mikilvægt að ríkissjóður hefji aftur aukagreiðslur til sjóðanna til að dreifa greiðslum vegna bakábyrgðar til lengri tíma en ella.


Í árslok 2011 nam hrein eign B-deildar LSR til greiðslu lífeyris 190,9 milljörðum kr. Þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 144,4 milljarðar eða 75,6%. Hrein eign LH í árslok 2011 nam hins vegar 22,3 milljörðum kr. Þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 14,2 milljarðar eða 63,5%.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðanna miðað við árslok 2011 var ógreidd bakábyrgð ríkissjóðs metin 113,7 milljarðar kr. hjá B-deild LSR en 9,3 milljarðar hjá LH. Ef ekki hefði komið til aukagreiðslna frá ríkissjóði hefði bakábyrgð hans í árslok 2011 verið 258,1 milljarðar vegna B-deildar LSR og 23,4 milljarðar vegna LH. Framangreind bakábyrgð er vegna áfallinna lífeyris-skuldbindinga og tekur því ekki tillit til bakábyrgðar sem á eftir að myndast vegna iðgjaldagreiðslna til sjóðanna í framtíðinni.


Innborganir ríkissjóðs Uppsafnaðar innborganir og ávöxtun




Tekjur úppgerðs hluta B-deildar LSR og fjármögnun á bakábyrgð ríkissjóðs




B-deild LSR – bakábyrgð ríkissjóðs




B-deild LSR – hrein eign til greiðslu lífeyris



LH – hrein eign til greiðslu lífeyris



LH – bakábyrgð ríkissjóðs



Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að ríkisstofnunum í B- og C-hluta ríkissjóðs og sjálfseignarstofnunum, sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, sé skylt að greiða viðbótariðgjald umfram 12% lögbundið iðgjald af dagvinnulaunum til B-deildar LSR og LH. Markmiðið með greiðslu viðbótariðgjalds er að greiðslurnar gangi upp í samtíma-skuldbindingu einstakra stofnana gagnvart sjóðunum.

Flestar stofnanir, sem gert hafa upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR, greiða viðbótariðgjald sem kemur þá til frádráttar við uppgjör á árlegri skuldbindingu. Viðbótariðgjöld launagreiðenda utan A-hluta ríkissjóðs voru sem segir í töflunni hér að neðan.

Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda (í millj. kr.)

	B-deild LSR		Lsj. hjúkrunarfræðinga		Samtals	
	2011	2010	2011	2010	2011	2010
Óráðstafað viðbótariðgjald frá fyrra ári	1.349,4	1.246,8	681,3	631,5	2.030,7	1.878,3
Viðbótariðgjöld ársins	101,0	189,0	19,9	21,9	120,9	210,9
Ráðstafað vegna uppgjörs skuldbindinga	(66,4)	(143,2)	(0,5)	(0,5)	(66,9)	(143,7)
Uppfærsla vegna vaxta og verðbóta	100,6	56,8	47,1	28,4	147,7	85,2
Inneign launagreiðenda í árslok	1.484,6	1.349,4	747,8	681,3	2.232,4	2.030,7

Starfsemi

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 eru sameiginlegt rekstrarfélag LSR og LH. Stöðugildi hjá sjóðunum voru 39,4 á árinu 2011 sem er fækkun um 0,2 stöðugildi frá árinu áður.

Starfsemi Lífeyrissjóða Bankastræti 7 má skipta í níu meginþætti; iðgjaldadeild, lífeyrisdeild ásamt framkvæmd eftirmannsreglu, séreignar- og kynningarmál, lánadeild, eignastýringu, miðvinnslu eignastýringar, fjárreiðudeild, upplýsingatækni og yfirstjórn. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og séreignardeild. Deildirnar lúta sömu stjórn en eru fjárhagslega sjálfstæðar.

Skýrsla úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða

Á árinu 2010 skipaði ríkissáttasemjari nefnd, að beiðni stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins í október 2008. Vinna nefndarinnar var talsvert umfangsmikil og létu sjóðirnir hana hafa öll þau gögn sem hún óskaði eftir. Í ársbyrjun 2012 skilaði nefndin skýrslu sem var bæði ítarleg og yfirgripsmikil. Þar var m.a. lagt mat á tap hvers sjóðs fyrir sig og skoðað sérstaklega hvort lífeyrissjóðirnir hefðu farið að lögum og reglum í starfsemi sinni. Vert er að hafa í huga að ekkert nýtt kom fram í skýrslu nefndarinnar sem ekki hafði verið gert grein fyrir í ársreikningum LSR og LH. Þá staðfestir nefndin að lífeyrissjóðirnir hafi í hvívetna farið að lögum og reglum í starfsemi sinni. Nefndin kom jafnframt með ýmsar gagnlegar ábendingar og athugasemdir um hvar mætti gera enn betur í umhverfi og starfsemi sjóðanna og hafa sjóðirnir tekið til skoðunar ábendingar sem snúa að þeim.

Það er óumdeilt að lífeyrissjóðirnir eins og aðrir fjárfestar töpuðu umtalsverðum fjármunum á efnahagshruninu og í kjölfar þess. Hins vegar hafa lífeyrissjóðirnir gert athugasemdir við með hvaða hætti áætlað tap sjóðanna er sett fram. Sem dæmi þá er ekki tekið tillit til hækkunar innlendra hlutabréfa fram að hrúni heldur er eingöngu reiknað tap bréfanna við

fall bankanna. Þá er tap gjaldmiðlavarnasamninga reiknað eitt og sér án þess að taka með í reikninginn hagnað af erlendum hlutabréfum vegna veikingar íslensku krónunnar á árinu 2008.

Niðurstöður skýrslunnar hafa verið teknar til ítarlegrar umfjöllunar á stjórnarfundum LSR og LH. Þá hafa sjóðirnir staðið fyrir opnum sjóðfélagafundum í Reykjavík og á Akureyri sem og ótal fundum á vegum stéttarféлага þeirra sjóðféлага sem greiða til sjóðanna.

Rafrænt skjalastjórnunarkerfi

LSR og LH hafa í samstarfi við Gagnavörsluna unnið að uppsetningu á nýju skjala- og upplýsingakerfi fyrir sjóðinn. Markmiðið með verkefninu er að hagræða í starfsemi sjóðanna og spara þar með í rekstrinum. Farið verður í gegnum alla verkferla í starfseminni og utanumhald skjala og gagna af ýmsu tagi verður með samræmdum hætti. Það sem hingað til hefur verið á pappír verður rafrænt í kerfinu og verður dregið stórlega úr allri pappírnotkun. Kerfið mun einfalda alla verkefnastýringu og yfirsýn auk þess sem kerfið verður samþætt við önnur upplýsingakerfi hjá sjóðunum.

Flutningur á starfsemi sjóðanna

Um mitt sumar munu sjóðirnir flytja starfsstöðvar sínar úr Bankastræti 7 yfir að Engjateigi 11 í Reykjavík. Eftir flutninginn verður starfsemin enn meira miðsvæðis en áður, aðgengi sjóðféлага betra og einfalt mál að fá bílastæði. Nýja húsnæðið býður upp á mikla möguleika hvað varðar alla þjónustu við sjóðféлага og vöxt sjóðanna í framtíðinni.

Áhættustýring

Í lok árs 2011 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu lífeyrissjóða sem tók gildi 1. janúar 2012. Sjóðirnir hafa eftir enn frekar þá áhættustýringu sem hefur verið hjá sjóðunum og vinna nú að innleiðingu heildstæðrar áhættustefnu í samræmi við tilmæli FME.

Fremri röð frá vinstri:

Arnfríður Einarssdóttir
 Ágústa Hrönn Gísladóttir
 Ingibjörg Thorarensen
 Anna Sigríður Arnardóttir
 Esther Sigurðardóttir
 Hulda Jakobsdóttir
 Jóhanna Á. Einarssdóttir
 Ásta Sigrún Karlsdóttir
 Ólöf Sigurjónsdóttir
 Hólmfríður Pálsdóttir
 Elísabet Þórey Þórisdóttir
 Regína Betty Hansdóttir
 Þóra Bryndís Árnadóttir
 Þorbjörg G. Blandon
 Erna Guðmundsdóttir

Aftari röð frá vinstri:

Þorbjörg Sigurðardóttir
 Anna Sk. Gunnarsdóttir
 Þórunn Berndsen
 Íris Guðmundsdóttir
 Sigrún Þóra Björnsdóttir
 Kristín Nielsen
 Valdís Jóhannesdóttir
 Anna Huguína Jónasdóttir
 Helgi Þór Jónsson
 Þórunn Magnúsdóttir
 Rákel Lind Hauksdóttir
 Anna Lilja Gunnlaugsdóttir
 Vala Rebekka Þorsteinsdóttir
 Björn Hjaltested Gunnarsson
 Birgir Stefánsson

Halla Kristjánsdóttir

Haukur Hafsteinsson
 Harpa Dögg Kristinsdóttir
 Páll Ólafsson
 Einar St. Einarsson
 Ásgrímur Skarphéðinsson
 Þorkell Sigurgeirsson

Á myndina vantar:

Önnu G. Jóhannsdóttur
 Baldur Þór Vilhjálmsson
 Guðnýju Jónsdóttur
 Hrönn Árnadóttir
 Ingunni Rögnu Arnarsdóttur
 Regínu Vilhjálmssdóttur







Samstæðuyfirlit LSR og LH



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011

	Samtals LSR og LH	
	2011	2010
Iðgjöld		
Iðgjöld sjóðfélaga	5.334.073	5.117.815
Iðgjöld launagreiðenda	13.980.541	13.286.598
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(62.621)	23.450
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	202.595	195.583
Lífeyrishækkunir	8.510.535	8.163.683
Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar	531.394	604.282
Innb. launagreiðenda inn á skuldbindingar	1.191.621	1.240.431
Iðgjöld alls	29.668.139	28.631.842
Lífeyrir		
Lífeyrir	25.852.807	23.748.538
Kostnaður vegna örorkumats	724	1.017
Lífeyrir alls	25.853.530	23.749.555
Fjárfestingartekjur		
Tekjur af eignarhlutum	4.038.209	2.890.454
Vaxtatekjur og gengismunur	23.507.890	17.264.856
Breytingar á niðurfærslu	(424.408)	(1.672.229)
Varúðarfærsla vegna framvirkra samninga	33.169	(903.839)
Fjárfestingartekjur alls	27.154.860	17.579.243
Fjárfestingargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	343.262	309.867
Rekstrarkostnaður		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	332.497	272.846
Gjald til ríkissjóðs		
Tímabundinn skattur	295.599	0
Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur	35.746	42.964
Hækkun á hreinni eign á árinu	30.053.856	21.921.781
Hrein eign frá fyrra ári	371.760.638	349.838.857
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	401.814.494	371.760.638

A-deild LSR		B-deild LSR		Séreign LSR		LH	
2011	2010	2011	2010	2011	2010	2011	2010
4.036.974	3.769.578	719.713	762.482	509.492	511.118	67.894	74.637
11.613.433	10.853.471	1.863.579	1.927.888	327.861	319.999	175.668	185.240
(6.886)	(9.368)	(8.611)	(2.192)	(46.699)	35.010	(425)	0
90.281	79.444	91.996	98.202	0	0	20.318	17.937
0	0	7.781.620	7.487.094	0	0	728.915	676.589
0	0	528.194	601.456	0	0	3.200	2.825
0	0	1.081.563	1.118.956	0	0	110.058	121.475
15.733.803	14.693.125	12.058.054	11.993.887	790.654	866.127	1.105.628	1.078.704
1.476.966	1.273.384	21.737.031	20.232.656	727.564	504.119	1.911.245	1.738.379
347	575	348	371	0	0	29	70
1.477.313	1.273.960	21.737.379	20.233.027	727.564	504.119	1.911.274	1.738.449
1.390.457	991.396	2.261.662	1.650.743	33.464	36.804	352.626	211.512
9.881.376	7.065.926	11.804.692	8.451.349	582.337	778.609	1.239.486	968.972
(286.792)	(702.850)	(87.018)	(857.324)	0	0	(50.598)	(112.055)
(66.063)	(220.595)	109.641	(600.159)	1.397	(6.155)	(11.806)	(76.929)
10.918.978	7.133.876	14.088.976	8.644.609	617.198	809.258	1.529.707	991.500
147.892	122.366	167.506	160.478	2.587	2.766	25.278	24.257
84.904	64.440	214.329	181.072	4.949	3.787	28.315	23.547
125.771	0	152.201	0	0	0	17.627	0
14.676	16.603	19.293	24.240	0	0	1.777	2.121
24.831.577	20.382.838	3.894.908	88.159	672.753	1.164.712	654.619	286.071
154.510.423	134.127.584	186.979.198	186.891.039	8.616.668	7.451.956	21.654.349	21.368.278
179.341.999	154.510.423	190.874.107	186.979.198	9.289.421	8.616.668	22.308.968	21.654.349

Efnahagsreikningur 31.12.2011

Eignir

	Samtals LSR og LH	
	2011	2010
Fjárfestingar		
Húseign og lóð	328.293	135.024
Verðbréf með breytilegum tekjum	139.940.153	138.225.108
Verðbréf með föstum tekjum	197.775.224	173.568.870
Veðlán	62.291.542	60.440.177
Aðrar fjárfestingar	4.335.048	3.509.896
Fjárfestingar alls	404.670.260	375.879.074
Kröfur		
Kröfur á launagreiðendur	2.225.708	2.250.631
Ýmsar kröfur	158.371	132.722
Kröfur alls	2.384.079	2.383.353
Aðrar eignir		
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	4.501	7.887
Sjóður og bankareikningar	13.774.742	14.581.240
Aðrar eignir alls	13.779.243	14.589.127
Eignir samtals	420.833.582	392.851.554
Skuldir		
Skuldbindingar		
Áfallin lífeyrisskuldbinding	122.640	101.772
Skuldbindingar alls	122.640	101.772
Viðskiptaskuldir		
Aðrar skuldir	1.380.767	830.740
Varúðarfærsla vegna framvirkra samninga	17.515.681	20.158.403
Viðskiptaskuldir alls	18.896.448	20.989.143
Skuldir samtals	19.019.088	21.090.916
Hrein eign til greiðslu lífeyris	401.814.494	371.760.638
Eignir utan efnahagsreiknings		
Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. laga nr. 1/1997 og 20. gr. laga nr. 2/1997	262.979.599	247.579.937

A-deild LSR		B-deild LSR		Séreign LSR		LH	
2011	2010	2011	2010	2011	2010	2011	2010
255.412	60.761	59.630	60.761	0	0	13.251	13.502
52.883.756	46.213.199	73.393.554	79.341.629	4.533.595	2.873.655	9.129.249	9.796.624
92.381.656	77.862.295	93.731.731	83.746.441	367.235	2.001.787	11.294.603	9.958.347
26.032.472	24.058.816	33.587.004	33.691.334	0	0	2.672.065	2.690.027
204.821	104.584	127.861	20.718	4.002.365	3.384.593	0	0
171.758.117	148.299.655	200.899.780	196.860.883	8.903.195	8.260.036	23.109.168	22.458.501
1.281.941	1.261.018	914.382	917.671	4.673	22.219	24.712	49.724
78.421	8.916	72.396	111.502	2.977	1.504	4.578	10.800
1.360.362	1.269.933	986.777	1.029.173	7.650	23.723	29.290	60.524
2.025	3.549	2.025	3.549	0	0	450	789
11.979.967	11.221.359	549.809	1.990.557	577.488	558.718	667.478	810.605
11.981.992	11.224.908	551.834	1.994.106	577.488	558.718	667.929	811.394
185.100.471	160.794.496	202.438.391	199.884.162	9.488.333	8.842.477	23.806.386	23.330.418
30.419	23.499	82.255	69.941	0	0	9.966	8.332
30.419	23.499	82.255	69.941	0	0	9.966	8.332
267.696	109.954	973.642	594.265	49.035	74.533	90.394	51.988
5.460.356	6.150.620	10.508.388	12.240.758	149.878	151.276	1.397.059	1.615.749
5.728.052	6.260.574	11.482.030	12.835.023	198.913	225.809	1.487.453	1.667.737
5.758.471	6.284.073	11.564.285	12.904.964	198.913	225.809	1.497.419	1.676.069
179.341.999	154.510.423	190.874.107	186.979.198	9.289.421	8.616.668	22.308.968	21.654.349
		230.742.745	217.287.007			32.236.854	30.292.930

Sjóðstreymi fyrir árið 2011

	Samtals LSR og LH	
	2011	2010
Inngreiðslur		
lðgjöld	29.695.229	29.814.067
Fjárfestingartekjur	33.685.328	4.234.287
Afborganir verðbréfa	17.824.126	17.680.316
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	21.702.767	19.485.946
Seld verðbréf með föstum tekjum	29.370.532	20.569.158
Inngreiðslur	132.277.981	91.783.774
Útgreiðslur		
Lífeyrir	25.744.622	23.649.098
Fjárfestingargjöld	322.227	304.251
Rekstrarkostnaður án afskrifta	312.868	224.650
Útgreiðslur	26.379.717	24.177.999
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	105.898.264	67.605.775
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	18.384.843	8.500.133
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	84.368.699	59.707.478
Ný veðlán og útlán	3.684.078	3.444.953
Varanlegir rekstrarfjármunir og fullnustueignir	267.142	111.932
Ráðstöfun alls	106.704.762	71.764.494
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(806.498)	(4.158.720)
Handbært fé í ársbyrjun	14.581.240	18.739.959
Handbært fé í árslok	13.774.742	14.581.240

A-deild LSR		B-deild LSR		Séreign LSR		LH	
2011	2010	2011	2010	2011	2010	2011	2010
15.712.845	14.666.923	12.061.338	13.119.540	790.412	866.127	1.130.633	1.161.477
17.053.595	3.668.791	14.377.044	138.634	325.400	291.429	1.929.289	135.433
7.209.133	6.351.606	9.517.487	9.940.897	14.805	97.206	1.082.701	1.290.607
3.473.396	6.095.971	15.694.112	10.514.426	398.722	1.566.978	2.136.537	1.308.571
13.948.381	13.782.922	12.268.033	5.707.451	1.856.104	392.760	1.298.014	686.025
57.397.349	44.566.212	63.918.014	39.420.949	3.385.444	3.214.500	7.577.174	4.582.112
1.521.558	1.218.384	21.598.554	20.183.467	728.642	509.662	1.895.868	1.737.585
139.107	118.204	156.352	159.029	2.587	2.761	24.181	24.257
80.045	45.596	203.246	155.198	4.372	3.808	25.206	20.049
1.740.710	1.382.183	21.958.151	20.497.694	735.601	516.231	1.945.255	1.781.891
55.656.639	43.184.029	41.959.863	18.923.255	2.649.844	2.698.270	5.631.919	2.800.222
8.205.007	3.694.400	7.309.322	4.037.402	1.779.010	274.773	1.091.505	493.557
44.144.408	38.741.742	35.350.422	16.989.818	234.292	1.545.682	4.639.576	2.430.235
2.288.598	2.015.260	733.808	634.302	617.772	752.416	43.900	42.975
260.019	97.378	7.059	14.217	0	0	64	337
54.898.031	44.548.779	43.400.611	21.675.740	2.631.074	2.572.872	5.775.046	2.967.104
758.608	(1.364.750)	(1.440.748)	(2.752.485)	18.770	125.398	(143.127)	(166.882)
11.221.359	12.586.109	1.990.557	4.743.042	558.718	433.320	810.605	977.488
11.979.967	11.221.359	549.809	1.990.557	577.488	558.718	667.478	810.605



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Ársreikningur 2011

Skýrsla stjórnar

Eignir og ávöxtun

Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris nam 379,5 milljörðum kr. í árslok 2011. Eignirnar jukust um 29,4 milljarða kr. á árinu eða sem nemur 8,4%. Í árslok 2011 voru eignir A-deildar 179,3 milljarðar kr., eignir B-deildar 190,9 milljarðar kr. og Séreignar LSR 9,3 milljarðar kr. Þrátt fyrir erfitt árferði hafa eignir LSR aukist um 92,6 milljarða kr. síðastliðin 3 ár.

Nafnávöxtun LSR á árinu 2011 var 7,2%. Hrein raunávöxtun sjóðsins, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 1,8% á árinu 2011 samanborið við 2,2% árið áður. Sveiflur í ávöxtun sjóðsins hafa verið miklar undanfarin 5 ár en meðaltal hreinnar raunávöxtunar á þeim tíma er -4,5%, en 1,8% sé horft til síðustu 10 ára. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá árinu 1991 er 3,5% sem er það sama og miðað er við til langs tíma í tryggingafræðilegri úttekt á stöðu og skuldbindingum lífeyrissjóða.

Nafnávöxtun A-deildar var 6,7% á árinu 2011 en hrein raunávöxtun var 1,3% samanborið við 2,3% árið á undan. Nafnávöxtun B-deildar var 7,7% á árinu 2011 en hrein raunávöxtun var 2,1% samanborið við 1,9% árið á undan.

Fjárfestingastefna Séreignar LSR er mismunandi eftir fjárfestingarleiðum en í þeim er mismunandi vægi hlutabréfa og skuldabréfa og sveiflast ávöxtun þeirra þar af leiðandi mismikið. Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2011 var 6,7%, og 7,8% hjá Leið II. Leið III samanstendur af bundnum innlánsreikningum og skilaði 8,1% nafnávöxtun á árinu 2011. Hrein raunávöxtun Leiðar I á árinu 2011 var 1,4%, 2,4% hjá Leið II og 2,6% hjá Leið III.

Á árinu 2011 var raunávöxtun innlendra skuldabréfa LSR 3,7% að teknu tilliti til niðurfærslu, erlendra skuldabréfa -6,7% með niðurfærslu, innlendra hlutabréfa 16% og erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina -3%, reiknað í íslenskum krónum.

Í árslok 2011 voru hlutabréf 27% af verðbréfaeign LSR, en hlutfallið var 32,7% árið áður. Hlutabréf námu 23,4% af verðbréfaeign A-deildar í árslok en samsvarandi hlutfall hjá B-deild nam 30,3%. Verðbréfaeign LSR skiptist þannig að 70,5% voru í íslenskum krónum og 29,5% voru í erlendum gjaldmiðlum.

Fjárfestingar

Fjárfestingar LSR, að teknu tilliti til seldra verðbréfa, námu 23,8 milljörðum kr. á árinu 2011. Í B-deild var fjárfest fyrir 2,7 milljarða kr. og í A-deild var fjárfest fyrir 21,4 milljarða kr. Hjá Séreign LSR voru sölur umfram kaup 241,5 milljónir kr.

Fjárfestingar LSR á árinu 2011 skiptust þannig að 28 milljarðar kr. fóru í innlend skuldabréf, 4,7 milljarðar kr. fóru í innlend hlutabréf og 1,1 milljarður kr. fór í sjóði um sameiginlega fjárfestingu. LSR var nettóseljandi erlendra hlutabréfa að fjárhæð 9,9 milljarðar kr. en engin viðskipti áttu sér stað með erlend skuldabréf. Útlán til sjóðfélaga umfram uppgreiðslur námu 1,6 milljörðum kr., þar af voru nettóútlán 1,7 milljarðar kr. úr A-deild en nettóuppgreidd lán 112 milljónir kr. hjá B-deild.

Gjaldmiðlavarnasamningar

Á árinu 2011 var gengið frá uppgjöri á gjaldmiðlavarnasamningum við skilanevnd Landsbanka Íslands. Skv. samkomulagi milli aðila var skuld sjóðanna 2,5 milljarðar kr. á kröfulýsingardegi þann 22. apríl 2009. Á móti þeirri fjárhæð átti sjóðurinn skuldajafnanleg bréf að fjárhæð 1,8 milljarðar kr. Í mars 2012 náði sjóðurinn jafnframt samkomulagi við skilanevnd Glitnis um uppgjör á gjaldmiðlavarnasamningum. Skv. samkomulaginu var skuld sjóðsins 8,2 milljarðar kr. á kröfulýsingardegi bankans þann 22. apríl 2009. Skuldabréf sjóðanna sem skilanevnd bankans mat tæk til skuldajöfnunar námu 2,8 milljörðum kr. Skuld vegna gjaldmiðlavarnasamninga við skilanevnd Glitnis er færð í ársreikninginn eins og samkomulagið hljóðar en gengið var frá því eftir að reikningsárinu lauk.

Með samkomulagi um uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga við skilanevndir Landsbanka Íslands og Glitnis hefur stóri óvissa varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins verið eytt. Til að koma til móts við þessa óvissu hafði sjóðurinn fært varúðarfærslur í bókhald sitt. Ekki kom til frekari gjaldfærslna vegna þessara samkomulaga.

Samningaviðræður um uppgjör á gjaldmiðlavarnasamningum við skilanevnd Kaupþings hafa staðið yfir um nokkurt skeið. Sjóðurinn hefur verið tilbúinn að gera samningana upp miðað við tiltekna forsendur og hefur færsla þeirra í ársreikning tekið mið af þeim. Á móti skuldinni á sjóðurinn skuldajafnanleg bréf sem koma til frádráttar. Í ársreikningi fyrir árið 2011 er nettó skuld LSR við skilanevnd Kaupþings vaxtareiknuð og sú fjárhæð færð til viðbótar varúðarfærslu vegna gjaldreyrisvarnasamninga. Í ársuppgjöri sjóðsins í árslok 2011 er skuldin bókfærð á 7 milljarða kr. og bréf til skuldajöfnunar metin á 2,1 milljarð kr. Óvissa ríkir um hver endanleg fjárhæð kemur til með að verða og hvort samkomulag muni nást sem sjóðurinn getur fallist á. Ef útkoman verður með öðrum hætti en sjóðurinn hefur gert ráð fyrir í bókhaldi sínu getur það haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu hans.

Niðurfærsla skuldabréfa og endurheimtur krafna

Verulega hefur dregið úr niðurfærslu skuldabréfa undanfarin 2 ár en rýrnun krafna á hendur þeim verðbréfaútgefendum sem lentu í fjárhagsvanda í efnahagshruninu kom að mestu fram í mati á verðbréfaeign lífeyrissjóðsins árin 2008 og 2009. Þau félög sem ekki urðu gjaldþrota hafa mörg hver verið endurskipulögð en þrátt fyrir það ríkir enn nokkur óvissa um afdrif þeirra. Verðbréfasafn lífeyrissjóðsins hefur verið yfirfarið og mat lagt á virði þess með tilliti til þessa.

Sjóðurinn hefur lagt til hliðar í afskriftasjóð til að mæta mögulegum niðurfærslum skuldabréfa í framtíðinni en ekki er ljóst að öllu leyti hvort um endanlega afskrift verður að ræða. Í árslok 2011 nam afskriftasjóður 21,9 milljörðum kr. en þar af er tæplega 1,1 milljarður kr. til að mæta hugsanlegum útlánatöpum vegna sjóðfélagalána. Á árinu 2011 var framlag í afskriftasjóð 374 milljónir kr. á móti 1.560 milljónum kr. árið áður.

Iðgjöld

Lögbundin iðgjöld ársins, ásamt réttindaflutningum og endurgreiðslum, námu 19.009 milljónum kr. og hækkuðu þau um 4,6% milli ára. Rúmlega 82% af iðgjaldagreiðslum ársins 2011 fóru til A-deildar sjóðsins eða 15.644 milljónir kr. og hækkuðu um 7% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til B-deildar námu 2.575 milljónum kr. á síðasta ári og lækkuðu um 4,2% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR námu 791 milljón kr. á síðasta ári og lækkuðu um 8,7% milli ára.

Alls greiddu 34.633 sjóðfélagar iðgjald til LSR á árinu 2011 og fækkaði þeim um 2,8% milli ára. Þar af greiða sumir sjóðfélagar til fleiri en einnar deildar, t.d. vegna séreignarsparnaðar. Samanlagður meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 30.352 og fækkaði þeim um 1,6% milli ára. Virkir sjóðfélagar voru 22.730 hjá A-deild og fjölgaði þeim lítilliga milli ára. Hjá B-deild fækkaði virkum sjóðfélögum um 8,1% milli ára og hjá Séreign LSR voru virkir sjóðfélagar 2.826 á árinu 2011 og fækkaði þeim um 3,3% milli ára.

Í árslok 2011 áttu 52.483 sjóðfélagar skráð réttindi hjá A-deild sjóðsins og 38.205 hjá B-deild. Réttihafar hjá Séreign LSR voru 4.907 í árslok.

Innborganir ríkissjóðs og uppgjör skuldbindinga gagnvart B-deild

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við B-deild námu 1.047 milljónum kr. á árinu 2011 en voru 1.073 milljónir kr. árið áður. Innborganir annarra launagreiðenda í forni viðbótariðgjalda námu 35 milljónum kr. á árinu 2011 en voru 46 milljónir kr. árið áður.

Innborganir ríkissjóðs eru vaxtareiknaðar til samræmis við ávöxtun lífeyrissjóðsins og mynda inneign sem er dregin frá skuldbindingum. Innborganir ríkissjóðs hafa engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjör á þeim. Með aukagreiðslum til sjóðsins er ríkissjóður að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum til lengri tíma en ríkissjóður er bakábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins. Inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna nam 144,4 milljörðum kr. í árslok 2011 og hækkaði hún um 11 milljarða kr. milli ára í samræmi við ávöxtun sjóðsins og innborganir á árinu. Uppgjör launagreiðenda á lífeyrisskuldbindingum sínum gagnvart B-deild námu 528 milljónum kr. á árinu 2011 á móti 601 milljón kr. árið áður.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur LSR voru 23.942 milljónir kr. á árinu 2011 og hækkuðu um 8,8% milli ára. Þar af voru 21.737 milljónir kr. greiddar úr B-deild eða 91%. Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 1.477 milljónum kr. í stað 1.273 milljóna kr. á árinu 2010. Lífeyrisgreiðslur Séreignar LSR námu 728 milljónum kr. árið 2011 sem er rúmlega 44% aukning frá árinu 2010 en þá voru alls 504 milljónir kr. greiddar út. Aukninguna má rekja til aukinna heimilda til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Alls fengu 16.855 einstaklingar greiddan lífeyri hjá deildum LSR á árinu en lífeyrisþegum fjölgaði um 4,9% milli ára. Þar af fengu 13.205 sjóðfélagar greiddan lífeyri úr B-deild, 2.869 úr A-deild og 781 úr Séreign LSR. Endurgreiðslur launagreiðenda á lífeyrisgreiðslum B-deildar námu 7.782 milljónum kr. á árinu og hækkuðu um 3,9% milli ára.

Rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld

Á árinu 2011 námu rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld 622 milljónum kr. en voru 535 milljónir kr. árið áður og hækkuðu um 16,3% milli ára. Aðrar tekjur námu 34 milljónum kr. á árinu 2011 og lækkuðu um 16,8% milli ára. Kostnaður að frátöldum öðrum tekjum var 0,16% af meðaleignum sjóðsins árið 2011. Þar af nam rekstrarkostnaður 0,07% af eignum.

Launakostnaður sjóðsins nam 341,2 milljónum kr. árið 2011 og skiptist þannig að heildarfjárhæð launa var 275,9 milljónir kr. og launatengd gjöld 65,3 milljónir kr. Stöðugildi voru 36,3 á árinu 2011.

Sérstakt gjald í ríkissjóð, samkvæmt lögum frá Alþingi, nam 278 milljónum kr. á árinu 2011 en það reiknast sem 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Tryggingafræðileg úttekt og hrein eign til greiðslu lífeyris

A-deild LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar í árslok 2011 var 196,8 milljarðar kr. Á móti nam hrein eign A-deildar til greiðslu lífeyris 179,3 milljörðum kr. en var 154,5 milljarðar kr. í árslok 2010. Endurmetnar eignir A-deildar í árslok 2011 voru 186,6 milljarðar kr. eða 5,2% lægri en áfallin skuldbinding. Heildarstaða A-deildar, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 57,4 milljarða kr. eða sem nemur 13,1% af heildarskuldbindingum. Framlag launagreiðenda til A-deildar er nú 11,5% af heildarlaunum og er það breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins en miðað er við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldahlutfall launagreiðenda skal endurskoða árlega.

Í lögum um lífeyrissjóði hefur verið miðað við að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana ef munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er meiri en 10%. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem gildir vegna uppgjors fyrir árið 2011 má þessi munur vera allt að 15%. Heildarstaða A-deildar er neikvæð um sem nemur 13,1%. Stjórn sjóðsins hefur tekið til skoðunar mögulegar leiðir til að bregðast við neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu hans.

B-deild LSR

Áfallin skuldbinding B-deildar í árslok 2011 var 543,5 milljarðar kr. og hækkaði hún um 5,9% á árinu. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga eiga launagreiðendur að standa undir 230,7 milljörðum kr. af skuldbindingum B-deildar

með greiðslu lífeyrishækkana. Skuldbindingar sem sjóðurinn á sjálfur að standa undir eru því 312,7 milljarðar kr. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris 190,9 milljarðar kr. í árslok 2011 og endurmetin hrein eign hans 199,1 milljarður kr.

Eins og fram kom í umfjöllun um iðgjöld hér að framan hefur ríkissjóður greitt aukalega inn á skuldbindingar sínar við B-deild. Í árslok 2011 námu uppfærðar greiðslur ríkissjóðs 144,4 milljörðum kr. og innborganir annarra launagreiðenda 1,5 milljörðum kr.

Lokaorð

Með uppgjöri á gjaldeyrissamningum við skilanefnd Landsbanka Íslands á árinu 2011 og við skilnefnd Glitnis á árinu 2012 hefur stórri óvissu varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins verið eytt. Samningaviðræður eru í gangi við skilanefnd Kaupþings um uppgjör á sambærilegum nótum.

Eignir sjóðsins til ávöxtunar eru fyrst og fremst í innlendum skuldabréfum og erlendum hlutabréfum. Ávöxtun þessara eignaflokka hefur verið ágæt frá áramótum og ávöxtun erlendra hlutabréfa verið sérstaklega góð. Ávöxtunarkrafa á innlendum markaði hefur lækkað mikið undanfarin 2 ár og er nú nokkuð undir því marki sem almennt er miðað við í tryggingafræðilegri úttekt. Óvissa ríkir enn um afdrif nokkurra fyrirtækja sem sjóðurinn á markaðsskuldabréf á. Vissulega hefur þó dregið úr þeirri óvissu og færslur á afskriftareikning verið óverulegar undanfarin 2 ár miðað við það efnahagsmót sem hefur verið.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins og einstakra deilda hans fyrir árið 2011 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 4. apríl 2012.

Marianna Jónasdóttir, stjórnarformaður, Árni Stefán Jónsson, Eiríkur Jónsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gunnar Björnsson, Viðar Helgason, Þorveig Þormóðsdóttir

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og

haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ríkisendurskoðun, 4. apríl 2012

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011

	Skýring	Samtals LSR	
		2011	2010
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		5.266.179	5.043.178
Iðgjöld launagreiðenda		13.804.873	13.101.358
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(62.196)	23.450
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		182.278	177.646
Lífeyrishækkunar		7.781.620	7.487.094
Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar	9	528.194	601.456
Innb. launagreiðenda inn á skuldbindingar	10	1.081.563	1.118.956
Iðgjöld alls		28.582.511	27.553.139
Lífeyrir			
Lífeyrir	11	23.941.562	22.010.160
Kostnaður vegna örorkumats		695	946
Lífeyrir alls		23.942.257	22.011.106
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	12	3.685.583	2.678.942
Vaxtatekjur og gengismunur	13	22.268.405	16.295.884
Breytingar á niðurfærslu	4,7	(373.810)	(1.560.174)
Varúðarfærsla vegna framvirkra samninga	5	44.976	(826.909)
Fjárfestingartekjur alls		25.625.153	16.587.743
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		317.984	285.610
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		304.182	249.299
Gjald til ríkissjóðs			
Tímabundinn skattur		277.973	0
Aðrar tekjur			
Aðrar tekjur		33.969	40.843
Hækkun á hreinni eign á árinu			
		29.399.238	21.635.710
Hrein eign frá fyrra ári			
		350.106.289	328.470.579
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris			
		379.505.527	350.106.289

A-deild		B-deild		Séreign	
2011	2010	2011	2010	2011	2010
4.036.974	3.769.578	719.713	762.482	509.492	511.118
11.613.433	10.853.471	1.863.579	1.927.888	327.861	319.999
(6.886)	(9.368)	(8.611)	(2.192)	(46.699)	35.010
90.281	79.444	91.996	98.202	0	0
0	0	7.781.620	7.487.094	0	0
0	0	528.194	601.456	0	0
0	0	1.081.563	1.118.956	0	0
15.733.803	14.693.125	12.058.054	11.993.887	790.654	866.127
1.476.966	1.273.384	21.737.031	20.232.656	727.564	504.119
347	575	348	371	0	0
1.477.313	1.273.960	21.737.379	20.233.027	727.564	504.119
1.390.457	991.396	2.261.662	1.650.743	33.464	36.804
9.881.376	7.065.926	11.804.692	8.451.349	582.337	778.609
(286.792)	(702.850)	(87.018)	(857.324)	0	0
(66.063)	(220.595)	109.641	(600.159)	1.397	(6.155)
10.918.978	7.133.876	14.088.976	8.644.609	617.198	809.258
147.892	122.366	167.506	160.478	2.587	2.766
84.904	64.440	214.329	181.072	4.949	3.787
125.771	0	152.201	0	0	0
14.676	16.603	19.293	24.240	0	0
24.831.577	20.382.838	3.894.908	88.159	672.753	1.164.712
154.510.423	134.127.584	186.979.198	186.891.039	8.616.668	7.451.956
179.341.999	154.510.423	190.874.107	186.979.198	9.289.421	8.616.668

Efnahagsreikningur 31.12.2011

Eignir	Skýring	Samtals LSR	
		2011	2010
Fjárfestingar			
Húseign og lóð	3,14	315.042	121.522
Verðbréf með breytilegum tekjum	15	130.810.904	128.428.483
Verðbréf með föstum tekjum	16	186.480.621	163.610.523
Veðlán	16	59.619.477	57.750.150
Aðrar fjárfestingar		4.335.048	3.509.896
Fjárfestingar alls		381.561.092	353.420.574
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	17	2.200.996	2.200.908
Ýmsar kröfur		153.793	121.921
Kröfur alls		2.354.789	2.322.829
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	3,14	4.051	7.098
Sjóður og bankareikningar		13.107.263	13.770.634
Aðrar eignir alls		13.111.314	13.777.732
Eignir samtals		397.027.196	369.521.135
Skuldir			
Skuldbindingar			
Áfallin lífeyrisskuldbinding		112.674	93.440
Skuldbindingar alls		112.674	93.440
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	18	1.290.373	778.752
Varúðarfærsla vegna framvirkra samninga	5	16.118.622	18.542.654
Viðskiptaskuldir alls		17.408.995	19.321.406
Skuldir samtals		17.521.669	19.414.846
Hrein eign til greiðslu lífeyris		379.505.527	350.106.289
Eignir utan efnahagsreiknings			
Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. laga nr. 1/1997	21,22	230.742.745	217.287.007

A-deild		B-deild		Séreign	
2011	2010	2011	2010	2011	2010
255.412	60.761	59.630	60.761	0	0
52.883.756	46.213.199	73.393.554	79.341.629	4.533.595	2.873.655
92.381.656	77.862.295	93.731.731	83.746.441	367.235	2.001.787
26.032.472	24.058.816	33.587.004	33.691.334	0	0
204.821	104.584	127.861	20.718	4.002.365	3.384.593
171.758.117	148.299.655	200.899.780	196.860.883	8.903.195	8.260.036
1.281.941	1.261.018	914.382	917.671	4.673	22.219
78.421	8.916	72.396	111.502	2.977	1.504
1.360.362	1.269.933	986.777	1.029.173	7.650	23.723
2.025	3.549	2.025	3.549	0	0
11.979.967	11.221.359	549.809	1.990.557	577.488	558.718
11.981.992	11.224.908	551.834	1.994.106	577.488	558.718
185.100.471	160.794.496	202.438.391	199.884.162	9.488.333	8.842.477
30.419	23.499	82.255	69.941	0	0
30.419	23.499	82.255	69.941	0	0
267.696	109.954	973.642	594.265	49.035	74.533
5.460.356	6.150.620	10.508.388	12.240.758	149.878	151.276
5.728.052	6.260.574	11.482.030	12.835.023	198.913	225.809
5.758.471	6.284.073	11.564.285	12.904.964	198.913	225.809
179.341.999	154.510.423	190.874.107	186.979.198	9.289.421	8.616.668
		230.742.745	217.287.007		

Sjóðstreymi fyrir árið 2011

	Samtals LSR	
	2011	2010
Inngreiðslur		
Iðgjöld	28.564.596	28.652.590
Fjárfestingartekjur	31.756.039	4.098.853
Afborganir verðbréfa	16.741.425	16.389.709
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	19.566.230	18.177.375
Seld verðbréf með föstum tekjum	28.072.518	19.883.133
Inngreiðslur	124.700.808	87.201.661
Útgreiðslur		
Lífeyrir	23.848.754	21.911.512
Fjárfestingargjöld	298.046	279.994
Rekstrarkostnaður án afskrifta	287.662	204.601
Útgreiðslur	24.434.462	22.396.108
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	100.266.346	64.805.553
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	17.293.339	8.006.575
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	79.729.122	57.277.243
Ný veðlán og útlán	3.640.178	3.401.978
Varanlegir rekstrarfjármunir og fullnustueignir	267.078	111.595
Ráðstöfun alls	100.929.716	68.797.391
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(663.371)	(3.991.837)
Handbært fé í ársbyrjun	13.770.634	17.762.471
Handbært fé í árslok	13.107.263	13.770.634

A-deild		B-deild		Séreign	
2011	2010	2011	2010	2011	2010
15.712.845	14.666.923	12.061.338	13.119.540	790.412	866.127
17.053.595	3.668.791	14.377.044	138.634	325.400	291.429
7.209.133	6.351.606	9.517.487	9.940.897	14.805	97.206
3.473.396	6.095.971	15.694.112	10.514.426	398.722	1.566.978
13.948.381	13.782.922	12.268.033	5.707.451	1.856.104	392.760
57.397.349	44.566.212	63.918.014	39.420.949	3.385.444	3.214.500
1.521.558	1.218.384	21.598.554	20.183.467	728.642	509.662
139.107	118.204	156.352	159.029	2.587	2.761
80.045	45.596	203.246	155.198	4.372	3.808
1.740.710	1.382.183	21.958.151	20.497.694	735.601	516.231
55.656.639	43.184.029	41.959.863	18.923.255	2.649.844	2.698.270
8.205.007	3.694.400	7.309.322	4.037.402	1.779.010	274.773
44.144.408	38.741.742	35.350.422	16.989.818	234.292	1.545.682
2.288.598	2.015.260	733.808	634.302	617.772	752.416
260.019	97.378	7.059	14.217	0	0
54.898.031	44.548.779	43.400.611	21.675.740	2.631.074	2.572.872
758.608	(1.364.750)	(1.440.748)	(2.752.485)	18.770	125.398
11.221.359	12.586.109	1.990.557	4.743.042	558.718	433.320
11.979.967	11.221.359	549.809	1.990.557	577.488	558.718

Yfirlit um rekstur og fjárhag fjárfestingarleiða Séreignar LSR árið 2011

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011	Leið I	Leið II	Leið III	Samtals
Iðgjöld	378.072	82.317	376.963	837.353
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(190.533)	(200.465)	344.299	(46.699)
Lífeyrir	(330.677)	(55.222)	(341.666)	(727.564)
Fjárfestingartekjur	256.491	59.664	301.044	617.198
Fjárfestingargjöld	(1.781)	(367)	(439)	(2.587)
Rekstrarkostnaður	(2.388)	(487)	(2.074)	(4.949)
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu	109.185	(114.560)	678.128	672.753
Hrein eign frá fyrra ári	4.265.650	938.553	3.412.465	8.616.668
Hrein eign til greiðslu lífeyris	4.374.835	823.993	4.090.593	9.289.421
Efnahagsreikningur 31.12.2011				
Verðbréf með breytilegum tekjum	3.812.665	720.930	0	4.533.595
Verðbréf með föstum tekjum	263.151	104.085	0	367.235
Bundinn innlánsreikningur	0	0	4.002.365	4.002.365
Ýmsar kröfur	921	1.464	5.265	7.650
Sjóður og bankainnistæður	450.867	24.131	102.490	577.488
Skuldir	(152.768)	(26.616)	(19.528)	(198.913)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	4.374.835	823.993	4.090.593	9.289.421
Sjóðstreymi fyrir árið 2011				
Inngreiðslur	2.042.934	324.431	1.018.079	3.385.444
Útgreiðslur	(328.412)	(59.624)	(347.564)	(735.601)
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum	1.714.522	264.807	670.514	2.649.844
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting	(1.734.255)	(279.047)	(617.772)	(2.631.074)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(19.732)	(14.240)	52.742	18.770
Handbært fé í ársbyrjun	470.599	38.371	49.748	558.718
Handbært fé í árslok	450.867	24.131	102.490	577.488

Skýringar með ársreikningi 2011

Reikningskilaaðferðir

1. Starfsemi

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn er starfræktur í þremur deildum og er hver deild með aðskilinn fjárhag. Deildir sjóðsins eru: A-deild, B-deild og Séreign LSR.

Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum, sjóðfélaginn greiðir í öllum tilfellum 4% iðgjald af þeim launum sem skylt er að greiða af. A-deild er stigasjóður þar sem sjóðfélagar fá réttindi í hlutfalli við þau iðgjöld sem greidd eru. Réttindi A-deildar eru verðtryggt með vísitölu neysluverðs og skilgreind sérstaklega í lögum sjóðsins. Réttur til töku ellilífeyris í A-deild er ekki háður starfslokum heldur er þar almenn heimild til að hefja töku lífeyris milli 60 og 70 ára aldurs. Sá sem hefur töku lífeyris við 65 ára aldur fær lífeyrisgreiðslur í samræmi við áunnin stig. Ef töku lífeyris er frestað eftir að 65 ára aldri er náð, hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,75% fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku er frestað eða um 9% fyrir hvert ár. Ef taka lífeyris hefst hins vegar fyrir 65 ára aldurinn lækkar áunninn lífeyrisréttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á að 65 ára aldri sé náð eða um 6% fyrir hvert ár.

Iðgjald til B-deildar er 12% af dagvinnulaunum, vaktálagi, persónuuppót og orlofsuppbót. Réttindi sjóðfélaga í B-deild miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn, ásamt starfshlutfalli. Almennur réttur til töku ellilífeyris í B-deild er við 65 ára aldur. Sjóðfélagi er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira (95 ára regla), en þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára. Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok eða í ákveðnum tilvikum af launum vegna 10 ára í hærra launuðu starfi. Eftir það taka lífeyrisgreiðslur mið af dagvinnulaunum eftirmanns í starfi eða breytingum sem verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, samkvæmt svokallaðri meðaltalsreglu. Með lagabreytingum sem töku gildi við upphaf árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðalbreytingum sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Iðgjald til Séreignar LSR er háð ákvörðun sjóðfélagans. Á árinu 2011 var iðgjald sjóðfélaga sem er frádráttarbært frá tekjuskatti tímabundið lækkað úr 4% í 2% af heildarlaunum eða fram til ársins 2014. Mótframlag launagreiðanda getur numið allt að 2%.

2. Fjárfestingar

Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Erend verðbréf sjóðsins eru skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum og því eignfærð á markaðsverði miðað við síðasta skráða gengi þeirra í árslok. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á kaupgengi skv. Seðlabanka Íslands í árslok. Innlend hlutabréf sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra. Fjárfestingar í framtakssjóðum, þar með talið í Framtakssjóði Íslands slhf. og í Jarðvarma slhf., eru færðar til eignar á gangverði skv. upplýsingum frá vörsluaðilum. Væri eignarhlutur í Framtakssjóði Íslands slhf. og í Jarðvarma slhf. færður á framreiknuðu kaupverði í stað gangverðs væru eignir A-deildar 1,1 milljarði kr. lægri í árslok eða 0,6% af eignum. Stjórnendur sjóðanna telja eignfærslu m.v. gangverð gefa réttari mynd af eignum sjóðsins í árslok.

Til verðbréfa með föstum tekjum teljast innlend og erlend skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast innlend skuldabréfalán með veði í fasteign. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2012 og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í ársreikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á kaupgengi skv. Seðlabanka Íslands í árslok. Höfuðstólstryggð skuldabréf, sem taka mið af erlendum hlutabréfavisitölum og eru með vörn ef vísitalan lækkar niður fyrir áður tryggt vísitölugildi, eru færð á hæsta trygga vísitölugildi.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði. Afskriftir vegna kaupa ársins 2011 reiknast hlutfallslega eftir eignarhaldstíma innan ársins. Afskriftahlutföll eru eftirfarandi: fasteign 1,5%, tölvubúnaður 33,3%, aðrir rekstrarfjármunir 10–15%.

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningskilaaðferða

4. Virðisrýrnun útlána og krafna

Verðbréfasafn lífeyrissjóðsins hefur verið yfirfarið og mat lagt á virði þess. Rýrnun krafna á hendur þeim verðbréfa-útgefendum á innlendum markaði sem lentu í vanda í efnahagshruninu, kom að mestu fram í mati á verðbréfaeign lífeyrissjóðsins árin 2008 og 2009. Fyrirtæki, sem lífeyrissjóðurinn á kröfur á, hafa mörg hver verið endurskipulögð eða orðið gjaldþrota og tekur mat á væntum endurheimtum mið af þeim forsendum. Enn ríkti þó óvissa um afdrif nokkurra félaga í árslok 2011. Mat á verðmæti erlendra hlutabréfa tekur mið af markaðsverði. Mat á lánum lífeyrissjóðsins til sjóðfélaga tekur mið af mati á vanskilum, veðstöðu og áhrifum þeirra úrræða sem kynnt hafa verið til aðstoðar þeim sem lent hafa í skuldavanda.

5. Gjaldmiðlavarnasamningar

Á árinu 2011 var gengið frá uppgjöri á gjaldmiðlavarnasamningum við skilanefnd Landsbanka Íslands. Skv. samkomulagi milli aðila var skuld LSR 2,5 milljarðar kr. á kröfulýsingardegi þann 22. apríl 2009. Á móti þeirri fjárhæð átti sjóðurinn skuldajafnanleg bréf að fjárhæð 1,8 milljarðar kr.

Í mars 2012 náði sjóðurinn jafnframt samkomulagi við skilanefnd Glitnis um uppgjör á gjaldmiðlavarnasamningum. Skv. samkomulaginu var skuld sjóðsins 8,2 milljarðar kr. þann 22. apríl 2009 eða á kröfulýsingardegi bankans. Skuldabréf sjóðsins sem skilanefnd bankans mat tæk til skuldajöfnunar námu 2,8 milljörðum kr. Að meðtöldum vöxtum nam nettó skuld 6,4 milljörðum kr. í árslok 2011, þar af nam skuld A-deildar 2 milljörðum kr., B-deildar 4,4 milljörðum kr. og Séreignar LSR 41 milljón kr. Skuld vegna gjaldmiðlavarnasamninga við skilanefnd Glitnis er færð í ársreikninginn eins og samkomulagið gerir ráð fyrir en gengið var frá samkomulaginu eftir að reikningsárinu lauk.

Með samkomulagi um uppgjör á gjalddeyrisvarnasamningum við skilanefndir Landsbanka Íslands og Glitnis hefur stórir óvissu í uppgjöri sjóðsins verið eytt. Til að koma til móts við þessa óvissu hafði sjóðurinn fært varúðarfærslur í bókhald sitt. Þær fjárhæðir sem sjóðurinn hafði gjaldfært í bókhaldi sínu duga fyrir þeim greiðslum sem sjóðurinn mun þurfa að greiða skv. framangreindum samkomulögum.

Í samkomulagi um uppgjör gjalddeyrisvarnasamninga við skilanefnd Glitnis er gerður sérstakur fyrirvari vegna víkjandi skuldabréfs sjóðsins á hendur Glitni sem ekki var samþykkt til skuldajöfnunar af skilanefndinni. Sjóðurinn hefur höfðað dómsmál og fer fram á að krafan verði dæmd sem almenn krafa og þar með skuldajafnanleg. Krafa sjóðsins á hendur

Glitni vegna framangreinds skuldabréfs nam 3,8 milljörðum kr. skv. kröfulýsingu þann 22. apríl 2009. Dæmi dómstólar sjóðnum í hag mun skuld sjóðsins vegna gjaldeyrisvarnasamninga við skilanevnd Glitnis lækka sem því nemur. Vegna varúðarsjónarmiða hefur skuldabréfið verið afskrifað að fullu með færslu á afskriftareikning.

6. Úppgerðir gjaldmiðlavarnasamningar

Samningaviðræður um uppgjör á gjaldmiðlavarnasamningum við skilanevnd Kaupþings hafa staðið yfir um nokkurt skeið. Sjóðurinn hefur verið tilbúinn að gera samningana upp miðað við tiltekna forsendur og hefur færsla þeirra í ársreikning tekið mið af því. Á móti skuldinni á sjóðurinn skuldajafnanleg bréf sem koma til frádráttar. Í ársreikningi fyrir árið 2011 er nettó skuld LSR við skilanevnd Kaupþings vaxtareiknuð og sú fjárhæð færð til viðbótar varúðarfærslu vegna gjaldeyrisvarnasamninga. Í ársuppgjöri sjóðsins í árslok 2011 er skuldin bókfærð á 7 milljarða kr. og bréf til skuldajöfnunar metin á 2,1 milljarð kr. Nettó skuld við skilanevnd Kaupþings er bókfærð á 5 milljarða kr. í árslok 2011, þar af nam skuld A-deildar 1,7 milljörðum kr., B-deildar 3,2 milljörðum kr. og Séreignar LSR 36 milljónum kr.

Óvissa ríkir um hver endanleg fjárhæð verður og hvort samkomulag muni nást. Ef útkoman verður með öðrum hætti en sjóðirnir hafa gert ráð fyrir í bókhaldi sínu getur það haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.

7. Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum

Eins og fram kemur í skýringarlið 4 ríkir enn óvissa um afdrif nokkurra fyrirtækja sem sjóðurinn á skuldabréf á. Þá er einnig óvist hvernig félögum kemur til með að reiða af eftir fjárhagslega endurskipulagningu eða nauðasamninga. Vegna þessa hefur sjóðurinn lagt til hliðar í afskriftasjóð til að mæta mögulegum niðurfærslum skuldabréfa í framtíðinni. Ekki er um endanlegar afskriftir að ræða.

